



BA í lögfræði

Handtökuheimildir lögreglu
þegar dómari hefur frestað ákvörðun um
áframhaldandi gæsluvarðhald með þeim
afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður
rennur úr gildi

Mái, 2020

Nafn nemanda: Sigurbjörg Birta Berndsen

Kennitala: 181296-2249

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á handtökuheimildir lögreglu þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður rennur úr gildi. Ritgerðin hefst á inngangskafli þar sem viðfangsefni ritgerðarinnar er afmarkað og kynnt. Í öðrum kafla ritgerðarinnar er gerð grein fyrir ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðasáttmála sem lúta að persónufrelsi og þýðingu hafa við úrlausn ritgerðarinnar. Næst, í þriðja kafla, er fjallað um handtökuheimildir lögreglu samkvæmt íslenskum lögum auk þess sem fjallað er um framkvæmd handtöku, tímalengd hennar og um skyldu lögreglu til þess að leiða handtekinn mann fyrir dómara. Í fjórða kafla er fjallað um gæsluvarðhald, hvernig þess er krafist og um verkferla lögreglu við gerð gæsluvarðhaldskröfu. Þá er í fimmta kafla nánar fjallað um þá réttarfarslegu stöðu sem upp kemur þegar dómari frestar ákvörðun um gæsluvarðhald með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi. Leitast er við að kanna að hve miklu leyti dómstólar hafa fjallað um álitaefnið. Í lokakafla ritgerðarinnar eru helstu niðurstöður teknar saman. Við skrif á ritgerðinni studdist höfundur að mestu við sett lög, fræðiskrif og verklagsreglur lögregluyfirvalda, auk þess sem litið var til dóma og úrskurða dómstóla á öllum dómstigum. Rannsókn höfundar leiðir í ljós að heimildir lögreglu til að handtaka sakborning séu ekki nægilega skýrar og að framkvæmd lögreglu við slíkar aðstæður sé ekki studd nægilega skýrum lagagrunni. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að í því skyni að tryggja heimildir lögreglu við þessar aðstæður sé tilefni til að leggja fram breytingu á lögum um meðferð sakamála og leggur höfundur fram tillögu að slíkri breytingu.

Abstract

The purpose of this bachelor thesis is to reveal the police competence to arrest an accused person after a judge postpones the decision to continue his pretrial detention, with the result that the previous pretrial detention order expires. The thesis begins with an introductory section where the research material is defined and presented. The second section of the thesis describes the relevant Articles of the Icelandic constitution and of international treaties pertaining to personal freedom. Next, in the third section, the police competence to arrest and detain a person in accordance with Icelandic law is described, as well as the execution and duration of arrests, and the duty of the police to bring an arrested or detained person to a judge promptly. Section four covers the pretrial detention, how the police requests it and the operational instructions given to the police pertaining to the pretrial detention request. The fifth section discusses the legal situation that arises when a judge postpones the decision to continue the pretrial detention of the accused with the result that a previous detention order expires. The author examines the extent to which the Icelandic courts have addressed the issue. In the final section of the thesis the main conclusions are summarized. The study reveals that the police competence to arrest the accused in such situations are not sufficiently clear. The author finds that in order to ensuring the police competence the code of criminal procedure should be amended and the author proposes a possible wording to such an amendment.

Efnisyfirlit

Frumheimildaskrá	iv
Dómaskrá.....	v
1. Inngangur	1
2. Ákvæði stjórnarskrár og alþjóðasáttmála er lúta að persónufrelsi	2
2.1. Ákvæði Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.....	2
2.2. Ákvæði alþjóðasáttmála.....	4
3. Handtaka	7
3.1. Handtökuheimildir lögreglu samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008	8
3.1.1. <i>Skilyrði handtöku samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um meðferð sakamála</i>	<i>9</i>
3.2. Handtökuheimildir lögreglu samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996	10
3.3. Framkvæmd handtöku	11
3.4. Tímalengd handtöku og lok hennar	12
3.5. Skylda til að leiða mann fyrir dómara.....	13
4. Gæsluvarðhald	15
4.1. Ákvæði laga um meðferð sakamála er varða gæsluvarðhald.....	15
4.2. Krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð	17
4.2.1. <i>Verkferlar ákærvaldsins við gerð gæsluvarðhaldskröfu.....</i>	<i>18</i>
5. Dómari frestar ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð.....	20
5.1. Framkvæmd innan lögreglunnar	21
5.2. Afstaða dómstóla?.....	22
5.2.1. <i>Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-350/2018.....</i>	<i>22</i>
5.2.2. <i>Dómur Hæstaréttar í máli nr. 217/2013</i>	<i>24</i>
5.2.3. <i>Dómur Landsréttar í máli nr. 272/2018</i>	<i>25</i>
5.2.4. <i>Dómur Hæstaréttar í máli nr. 436/1996.....</i>	<i>26</i>
5.2.5. <i>Úrskurður Landsréttar í máli nr. 885/2019.....</i>	<i>27</i>
5.3. Eyða í lögum?	28
6. Lokaorð.....	30
Heimildaskrá	33

Frumheimildaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, nr. 97/1995.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

Lögregluglög, nr. 90/1996.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (málsmeðferðarreglur o.fl.), nr. 76/2019.

Alþjóðasáttmálar

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samþykktur 4. nóvember 1950, tók gildi 19. júní 1953), Stjtið. C, 11/1954 (Mannréttindasáttmáli Evrópu).

Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (samþykktur 19. desember 1966, tók gildi 22. nóvember 1979) Stjtið. C, 10/1979.

Skjöl ríkissaksóknara

Fyrirmæli ríkissaksóknara um verkferla sem ákærendum ber að vinna eftir, nr. 3/2020.

Fyrirmæli ríkissaksóknara um kröfu um gæsluvarðhald, nr. 1/2018.

Skjöl lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Reglur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um gæsluvarðhald, nr. V002-2011.

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 9. desember 1993 í máli nr. 45/1992
Hrd. 10. október 1996 í máli nr. 220/1995
Hrd. 15. febrúar 1996 í máli nr. 70/1996
Hrd. 5. desember 1996 í máli nr. 436/1996
Hrd. 15. janúar 1997 í máli nr. 20/1997
Hrd. 30. september 1999 í máli nr. 65/1999
Hrd. 11. nóvember 1999 í máli nr. 271/1999
Hrd. 1. október 2010 í máli nr. 562/2010
Hrd. 21. október 2010 í máli nr. 18/2010
Hrd. 3. janúar 2012 í máli nr. 1/2012
Hrd. 20. mars 2013 í máli nr. 183/2013
Hrd. 27. mars 2013 í máli nr. 217/2013
Hrd. 19. febrúar 2014 í máli nr. 116/2014

Dómar Landsréttar

Lrd. 16. mars 2018 í máli nr. 272/2018
Úrskurður Landsréttar 3. janúar 2020 í máli nr. 885/2019

Dómar héraðsdómstóla

Héraðsdómur Reykjavíkur 13. maí 2013 í máli nr. E-3805/2012
Héraðsdómur Reykjavíkur 26. september 2013 í máli nr. S-334/2013
Héraðsdómur Reykjavíkur 18. desember 2017 í máli nr. S-482/2017
Héraðsdómur Reykjaness 17. janúar 2019 í máli nr. S-350/2018
Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 26. mars 2013
Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 2018

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Hilda Hafsteinsdóttur gegn Íslandi, mál nr. 40905/98 (8. júní 2004)
Steel o.fl. gegn Bretlandi, mál nr. 24838/94 (23. september 1998)

1. Inngangur

Persónufrelsi hefur verið talið meðal mikilvægustu mannréttinda, enda eru fáar takmarkanir á mannréttindum jafn þungbærar fyrir einstakling og skerðing á persónufrelsi.¹ Áhersla á þessa tegund réttinda á sér langa sögu, en þau hafa notið verndar í mannréttinasáttmálum og yfirlýsingum allt frá Magna Carta frá árinu 1215,² þar sem meðal annars var kveðið á um að þegnar konungs skyldu ekki sviptir frelsi sínu nema slíkt færi að landslögum.³ Af framangreindum orðum Magna Carta má sjá að heimildir ríkja til að taka ákvarðanir um að takmarka persónufrelsi manna í vissum tilvikum eigi sér jafnframt langa sögu. Úr íslenskri sögu má taka dæmi úr Jónsbók, þar sem kveðið var á um að sýslumenn skyldu hafa forgöngu um að handtaka ræningja og ofbeldismenn. Í réttarbót 1303 var sýslumönnum boðið að „handtaka menn til geymslu sem viðhaft höfðu heitingar eða hótanir“.⁴ Í réttarbót 1305 sagði svo að handtaka skyldi vonda menn og færa þá sýslumanni í varðveislu og frekari fyrirgreiðslu.⁵

Lögmætisreglan, sem talin er undirstöðuregla íslenskrar stjórnskipunar, krefst þess að öll afskipti ríkisvaldsins af réttindum borgaranna verði annars vegar að byggja á skýrum lagaheimildum og hins vegar megi þau ekki vera í andstöðu við lög.⁶ Lögmætisreglan endurspeglar þannig lagalega ásýnd hugmynda um réttarríki, en þar er vísað til hugmynda um að tiltekna forsendur verði að vera til staðar svo að það geti talist réttlætanlegt að beita ríkisvaldi með íþyngjandi hætti gagnvart borgurunum.⁷ Ljóst er að gera þarf ríkar kröfur til þess að lögmætisreglan sé virt þegar ríkisvaldið tekur ákvörðun um handtöku manna og að svipta þá þannig frelsi sínu.⁸ Í ljósi þess hversu mikilvæg réttindi eru skert við handtöku eru jafnframt gerðar ríkar kröfur til þess að réttarstaða handtekinna manna sé skýr, en um þá réttarstöðu er fjallað í lögum og alþjóðasáttmálum.

Á undanförunum misserum hafa komist í há mæli samfélagslegar umræður í kjölfar sakamála þar sem sú staða hefur verið uppi að dómari frestar ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð yfir sakborningi með þeim afleiðingum að fyrri

¹ Björg Thorarensen o.fl., *Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (2. útg., Bókaútgáfan Codex 2009) 80.

² Ragnar Aðalsteinsson og Fanney Hrund Hilmarsdóttir, „Misbeita dómstólar heimild til gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna?“ (2012) 65 *Úlfjótur* 342.

³ Kjartan Bjarni Björgvinsson, „Verðleikar laganna – lagaáskilnaðarreglur mannréttinasáttmála Evrópu og afstaða hennar til íslensks réttar“ (2003) 56 *Úlfjótur* 354.

⁴ Hjálmar Vilhjálmsson, „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264-1732“ (1965) 15 *Tímarit lögfræðinga* 22.

⁵ Sama heimild.

⁶ Björg Thorarensen o.fl. (n. 1) 102.

⁷ Róbert R. Spanó, „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (fyrri hluti) – grunnreglan um lögbundnar refsíheimildir“ (2004) 54 *Tímarit lögfræðinga* 9.

⁸ Kjartan Bjarni Björgvinsson (n. 3) 360.

gæsluvarðhaldsúrskurður rennur sitt skeið. Upp hafa komið tilvik þar sem sá sem gæsluvarðhaldinu sætti hefur verið handtekinn á ný og færður í áframhaldandi varðhald á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald. Í slíkum tilvikum kann að reyna á framangreind sjónarmið um persónufrelsi, réttarríki og hvenær eðlilegt sé að ríkisvaldið hafi afskipti af borgurum sínum með íþyngjandi hætti.

Í ritgerð þessari verður ferillinn frá því að maður er handtekinn og þar til dómari frestar ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald rakinn í grófum dráttum. Í öðrum kafla verður fjallað stuttlega um þær ríku áherslur sem ákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði mannréttindasáttmála leggja á persónufrelsi. Í þriðja kafla verður fjallað almennt um handtöku og hverjar handtökuheimildir lögreglu eru. Þar verður jafnframt fjallað um réttindi handtekings manns, hvernig haga skuli framkvæmd handtöku og um skyldu lögreglu til að leiða mann fyrir dómara innan 24 klukkustunda frá handtöku. Í fjórða kafla verður fjallað um tilgang og markmið gæsluvarðhalds, hvernig slíkri þvingunarráðstöfun er beitt á Íslandi og hvernig haga beri kröfu um gæsluvarðhaldsúrskurð. Verður í fimmta kafla ritgerðarinnar fjallað um heimildir lögreglu til handtöku eftir að gæsluvarðhaldsúrskurður sakaðs manns hefur runnið sitt skeið og ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald hans. Verður meðal annars litið til verklagsreglna lögreglu við slíkar aðstæður og kannað að hve miklu leyti íslenskir dómstólar hafa tekið afstöðu til þeirrar framkvæmdar. Loks verða teknar saman helstu niðurstöður og vangaveltur um það hvernig framkvæmd löggæsluyfirvalda hér á landi í þessum kringumstæðum samrýmist þeim lögum og reglum sem gilda um heimildir til að svipta mann persónufrelsi sínu.

2. Ákvæði stjórnarskrár og alþjóðasáttmála er lúta að persónufrelsi

Líkt og vikið var að í inngangsorðum hefur persónufrelsi verið talið meðal mikilvægustu mannréttinda. Í kafla þessum verða rakin stuttlega þau ákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að sem sett hafa verið til verndar persónufrelsi.

2.1. Ákvæði Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Ákvæði til verndar persónufrelsi hafa verið í stjórnarskrá Íslendinga allt frá 18. öld.⁹ Í núgildandi stjórnarskrá er persónufrelsi manna varið í 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.¹⁰ Hvergi er í stjórnarskrá Íslendinga þó mælt beinum orðum sérstaklega fyrir um að allir njóti persónufrelsis, en gengið hefur verið út frá þeirri grundvallarforsendu að allir séu

⁹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008) 129.

¹⁰ Hér eftir stjkskr. eða stjórnarskrá eftir atvikum.

frjálsir ferða sinna og ráði dvalarstað sínum.¹¹ Tilgangur ákvæða um persónufrelsi hefur frá öndverðu verið sá að koma í veg fyrir geðþóttaákvæðanir stjórnvalda um handtökur og fangelsun án dómsmeðferðar, en þó með það að leiðarljósi að nauðsynlegt geti verið í lýðræðislegu þjóðfélagi að svipta menn frelsi sínu.¹²

Í 1. mgr. 67. gr. stjkskr., eins og henni var breytt með 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, segir að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Með 5. gr. stjórnarskipunarlaganna var gildissvið ákvæðis stjórnarskrárinnar um persónufrelsi rýmkað, meðal annars með hliðsjón af 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu¹³ þar sem kveðið er á um að allir menn eigi rétt til frelsis og mannhelgi.¹⁴ Reglur sem kveða á um heimildir til handa ríkisvaldinu til þess að skerða persónufrelsi, svo sem heimildir til handtöku og varðhalds, eru undantekningar frá meginreglunni um réttinn til persónufrelsis. Til grundvallar slíkum afskiptum ríkisvaldsins, sem takmarka persónufrelsi manna, þarf því ávallt lagaáskilnaður 1. mgr. 67. gr. stjkskr. að vera uppfylltur.¹⁵

Sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu á jafnframt rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæðu þess, sbr. 2. mgr. 67. gr. stjkskr. Í 3. mgr. sömu greinar segir síðan:

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Enn fremur segir í 4. mgr. 67. gr. stjkskr. að sá sem sviptur hefur verið frelsi eigi rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess og hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjkskr.

Ákvæði stjórnarskrárinnar er lúta að persónufrelsi tengjast náð ákvæði 70. gr. stjkskr. þar sem kveðið er á um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, einkum þegar um er að ræða frelsissviptingu í þágu sakamála. Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr segir meðal annars að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. er kveðið á um að hver sá sem hefur verið borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli

¹¹ Ragnar Aðalsteinsson og Fanney Hrund Hilmarsdóttir (n. 2) 341-342.

¹² Björg Thorarensen (n. 9) 129.

¹³ Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samþykktur 4. nóvember 1950, tók gildi 19. júní 1953) Stjtið. C, 11/1954 og hér eftir MSE eða mannréttindasáttmáli Evrópu eftir atvikum.

¹⁴ Gunnar Páll Baldvinsson, „Gæsluvarðhald samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála: Þýðing dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Letellier fyrir íslenskan rétt“ (2013) 66 Úlfjótur 446.

¹⁵ Ragnar Aðalsteinsson og Fanney Hrund Hilmarsdóttir (n. 2) 342.

talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Endurspeglast þar hin sömu grundvallarrök og standa að baki þeirri reglu sem fram kemur í 3. mgr. 67. gr. stjkskr., þess efnis að gæsluvarðhald sakbornings skuli ekki vara lengur en nauðsyn beri til og hann á ekki að þurfa að sæta frelsissviptingu vegna þess eins að hann sé sakaður um refsivert brot, heldur þurfi annað og meira að koma til.¹⁶

Stuttlega er vikið að persónufrelsi í 3. mgr. 66. gr. stjkskr. en þar segir að engum skuli meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara, en stöðva megi þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

2.2. Ákvæði alþjóðasáttmála

Það ákvæði alþjóðasáttmála sem einkum hefur áhrif á skýringu á 67. gr. stjkskr. er 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem öðlaðist lagagildi hérlendis með lögum nr. 62/1994. Við skýringu á 67. gr. stjkskr. og öðrum lagareglum þar sem veitt er heimild til handtöku eða annars konar frelsissviptingar í þágu meðferðar sakamáls ber því að taka tillit til ákvæðis 5. gr. MSE.¹⁷ Í 1. mgr. 5. gr. MSE er kveðið svo á um að allir menn eigi rétt til frelsis og mannhelgi, en hugtakið „mannhelgi“ hefur í dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu¹⁸ verið skýrt á þann hátt að í því felist einkum vernd gegn frelsissviptingu sem byggð er á geðþótta.¹⁹ Að auki er í 1. mgr. 5. gr. mælt fyrir um að frelsissvipting skuli ávallt vera í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Í ákvæðinu eru jafnframt með tæmandi hætti talin upp í sex stafliðum þau tilvik sem heimila frelsissviptingu. Í samhengi ritgerðar þessarar er einkum tilefni til að fjalla um c-lið 1. mgr. 5. gr. MSE, en þar er kveðið á um löglega handtöku eða gæslu manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu.

Í dómaframkvæmd MDE þar sem reynt hefur á ákvæði 5. gr. MSE hefur einkum verið fjallað um ofangreindan c-lið 1. mgr. og samspil hans við 3. mgr. sömu greinar. Skýra verður ákvæði c-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. MSE saman,²⁰ en í 3. mgr. er kveðið á um rétt sakbornings, sem tekinn hefur verið höndum eða settur í varðhald á grundvelli c-liðar 1. mgr., til að vera leiddur án tafar fyrir dómara sem úrskurðar hann í gæsluvarðhald ellegar hann verði látinn laus. Skýring á hugtakinu „án tafar“ hefur valdið þónokkrum vandkvæðum við túlkun

¹⁶ Gunnar Páll Baldvinsson (n. 14) 446.

¹⁷ Björg Thorarensen, „Tengsl þjóðaréttar við íslenska stjórnskipun og áhrif alþjóðasamninga á íslenskan rétt“ (2012) 65 Úlfjótur 280.

¹⁸ Hér eftir MDE

¹⁹ Björg Thorarensen (n. 9) 130.

²⁰ Sama heimild 131.

ákvæðisins, en óljóst hefur verið talið hversu langur tími megi líða án þess að maður sé leiddur fyrir dómara í kjölfar handtöku. MDE hefur ekki veitt leiðbeiningar um ákveðinn hámarkstíma í þessum efnum, en hefur þó talið að túlka beri skilyrðið í ljósi atvika hverju sinni. Við mat á umræddu skilyrði hefur dómstóllinn skoðað hvort farið hafi verið fram úr þeim tímafrestum sem kveðið er á um í réttarfarslögum viðkomandi ríkis.²¹ Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008²² skal leiða mann fyrir dómara innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi, en af dómaframkvæmd MDE er þó ljóst að meira en sólarhringur getur liðið frá handtöku áður en maður er leiddur fyrir dómara án þess að brotið sé gegn ákvæði 3. mgr. 5. gr. MSE.²³

Eins og áður hefur verið vikið að er í 1. mgr. 5. gr. MSE kveðið á um að frelssvipting skuli í öllum tilvikum vera í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum. Hér er því um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að MDE endurskoði almennt ekki hvort stjórnvöld í tilteknu ríki hafi í framkvæmd sinni farið að landslögum. Dómstóllinn gerir þó ekki aðeins kröfu um að málsmeðferð samrýmist lögum aðildarríkis, heldur gerir hann einnig þá kröfu að viðeigandi löggjöf landsins sé af tilteknum gæðum.²⁴ Gerð er sú krafa að beiting reglna um frelssviptingu sé fyrirsjáanleg og stjórnvöldum viðkomandi ríkis ekki veitt of rúmt ákvörðunarvald til að beita þeim. Reglurnar þurfa jafnframt að vera skýrar og afmarkaðar. Enn fremur gerir dómstóllinn þá kröfu að efni slíkra laga og reglna sé nægilega aðgengilegt almenningi. Hefur dómstóllinn því talið að vinnureglur stjórnvalda sem kveða á um heimildir til að svipta mann frelsi, sem ekki hafa verið birtar almenningi, standist ekki skilyrði 1. mgr. 5. gr. MSE.²⁵

Ofangreind atriði réðu meðal annars úrslitum í **dómi MDE í máli Hildu Hafsteinsdóttur gegn Íslandi frá 8. júní 2004 nr. 40905/98**. Hilda taldi sig hafa sætt ólögmati frelssviptingu þegar hún var vistuð í fangaklefa yfir nótt í sex tilvikum á fjögurra ára tímabili vegna ölvunar og óspekta. Hafði íslenska ríkið verið sýknað af bótakröfu hennar vegna ólögmatrar frelssviptingar í **Hrd. 220/1995** með vísan til meginreglu 34. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 og 7. tölul. 1. mgr. 61. gr. sömu laga.²⁶ Í 34. gr. laganna var kveðið á um að hlutverk lögreglumanna væri að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna þar sem það átti við og stemma stigu við ólögmati hegðun. Í 7. tölul. 1. mgr. 61.

²¹ Björg Thorarensen (n. 9) 131.

²² Hér eftir sml.

²³ Björg Thorarensen (n. 9) 131.

²⁴ Sama heimild 132.

²⁵ Björg Thorarensen (n. 9) 132; ECHR, Guide on Article 5 of the European Convention on Human Rights, uppfært 30. apríl 2020 <https://www.echr.coe.int/Documents/Guide_Art_5_ENG.pdf> sótt 1. júní 2020.

²⁶ Hrd. 10. október 1996 í máli nr. 220/1995.

gr. laganna sagði svo að handtaka ætti mann ef hann ærðist á almannafæri. Hilda kærði niðurstöðu Hæstaréttar til MDE þar sem hún taldi að íslenska ríkið hefði brotið gegn ákvæði 5. gr. MSE. Hilda byggði á því fyrir MDE að frelsissvipting hennar hefði að einhverju leyti verið byggð á óbirtum vinnureglum lögreglunnar og því ekki átt sér skýra lagaheimild. Taldi Hilda að með þessu hefði íslenska ríkið gerst brotlegt við 5. gr. MSE. Í niðurstöðu sinni vísaði MDE til þess að Hilda hefði verið svipt frelsi sínu með heimild í lögum og að nauðsynlegt hefði verið að vista hana í fangaklefa. Aftur á móti hafi ákvörðun um lengd frelsisskerðingar hennar eingöngu verið reist á óljósri stjórnsýsluframkvæmd, án lagastöðar eða reglna sem mótaðar hefðu verið í dómaframkvæmd. Var í niðurstöðu MDE meðal annars gerð athugasemd við það að fyrirmæli um það hvenær menn skyldu látnir lausir væru að finna í óbirtum vinnureglum lögreglunnar. Benti dómstóllinn jafnframt á að í rökstuðningi íslenskra dómstóla fyrir niðurstöðu í máli **Hrd. 220/1995** hefði ekki verið vísað til neinnar staðfestrar stjórnsýsluframkvæmdar eða dómaframkvæmdar. Af þessum ástæðum taldi dómstóllinn skilyrði um fyrirsjáanleika lagaheimildar ekki uppfyllt og hefði því íslenska ríkið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. MSE.²⁷

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur þó ekki hafnað því að frelsissvipting geti stuðst við venjur eða stjórnsýsluframkvæmd. Sú afstaða dómstólsins kom fram í máli **Steel o.fl. gegn Bretlandi frá 23. september 1998, nr. 24838/94**. Segir í niðurstöðu dómstólsins að það sem úrslitum ráði í þessu samhengi sé hvort að þær reglur sem gilda um efnið, skráðar eða óskráðar, séu nægilega nákvæmar til að borgari geti, með sanngjörnum hætti, séð fyrir þær afleiðingar sem tiltekin háttsemi geti haft fyrir hann.²⁸

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna²⁹ birtist ákvæði til verndar persónufrelsi í 9. gr. Þar segir að enginn skuli að geðþótta handtekinn, sviptur frelsi sínu eða gerður útlægur. Þetta ákvæði hefur verið nánar útfært í 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálagaleg réttindi,³⁰ en þar segir að allir menn eigi rétt til frelslis og mannhelgi og að enginn maður skuli sæta handtöku eða annarri frelsisskerðingu að geðþótta. Þar er jafnframt kveðið á um að engan skuli svipta frelsi nema af þeim ástæðum og í samræmi við þær aðferðir sem kveðið er á um í lögum.

²⁷ *Hilda Hafsteinsdóttir gegn Íslandi* App. 40905/98 (ECtHR, 8. júní 2004) málgreinar 51-56.

²⁸ *Steel o.fl. gegn Bretlandi* App no. 24838/94 (ECtHR, 23. september 1998) málgrein 54.

²⁹ Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (samþykkt 26. júní 1945, tók gildi 24. október 1945).

³⁰ Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnómálagaleg réttindi (samþykktur 19. desember 1966, tók gildi 22. nóvember 1979) Stjtíð. C, 10/1979.

3. Handtaka

Handtaka telst til þvingunarráðstöfunar, en þvingunarráðstafanir eru þær aðgerðir sem nýtast lögreglu við rannsókn sakamála. Einkenni þvingunarráðstafana eru að þeim er beitt með valdi og yfirleitt gegn vilja þeirra sem aðgerðirnar beinast að. Í slíkum aðgerðum lögreglu felst því bersýnilega skerðing á mikilvægum réttindum manna.³¹ Í handtöku felst að maður er sviptur frelsi, eða hann tekinn höndum eins og það hefur verið orðað. Í handtöku felst einnig að frelsissviptingu er viðhaldið uns maður er annaðhvort látinn laus eða færður í gæsluvarðhald samkvæmt úrskurði dómara.³²

Ein undirstöðuregla íslensks réttar er lögmætisreglan, en í henni felst annars vegar að allar ákvarðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í settum lögum og hins vegar að þær mega ekki vera í andstöðu við lög.³³ Hefur það meðal annars verið talið fólgið í lögmætisreglunni að stjórnvöld geti almennt ekki íþyngt borgurunum með aðgerðum eða ákvörðunum sínum nema hafa til þess fullnægjandi heimild í lögum. Verða því allar ákvarðanir og athafnir lögreglu sem tengjast rannsókn sakamála og með einhverjum hætti íþyngja borgurum að byggjast á skýrum og ótvíræðum heimildum í lögum.³⁴ Eins og vikið var að í kafla 2.1. er í 67. gr. stjkskr. gerður áskilnaður um að hvers konar frelsissvipting eigi sér stoð í lögum. Er með þessum fyrirmælum 67. gr. stjkskr. gerður áskilnaður um lagaheimild í þrengri merkingu, en af því leiðir að sett lög eru einu réttarheimildirnar sem heimilað geta skerðingu á persónufrelsi manna. Réttarreglur sem leiddar eru af öðrum réttarheimildum, svo sem dómafordæmum, réttarvenju, meginreglum laga eða stjórnarsýsluframkvæmd, eru því aldrei viðhlítandi heimildir í þessu sambandi.³⁵ Handtökuheimildir lögreglu verða því ávallt að eiga sér ótvíræða stoð í lögum.

Hér áður fyrr var talið að lögregla hefði heimild til handtöku, jafnvel þótt slíka heimild væri ekki að finna í lögum, ef tilgangur slíkrar handtöku væri að halda uppi lögum og reglum. Var sú heimild lögreglu til handtöku talin reist á venju.³⁶ Í **Hrd. 65/1999** var því á hinn bóginn hafnað að handtaka lögreglu gæti stuðst við óskráðar venjur. Var komist svo að orði í niðurstöðu Hæstaréttar: „*Eins og áður segir verður að áskilja skýra lagaheimild fyrir handtöku manna, sem saman eru komnir til þess að hafa uppi mótmæli af pólitískum toga. Verður handtaka stefnda ekki studd við heimildir reistar á venju eða öðrum óskráðum reglum.*“³⁷ Af framangreindum ummælum Hæstaréttar má draga þá ályktun að frelsissvipting sem eingöngu

³¹ Eiríkur Tómasson, „Yfirlit yfir þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar opinberra mála“ (1997) 50 Úlfjótur 105.

³² Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir* (Bókaútgáfan Codex 2012) 218.

³³ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Undirstöður og handhafar ríkisvalds* (Bókaútgáfan Codex 2015) 202.

³⁴ Eiríkur Tómasson (n. 32) 72.

³⁵ Kjartan Bjarni Björgvinsson (n. 3) 358-359.

³⁶ Eiríkur Tómasson (n. 32) 223.

³⁷ Hrd. 30. September 1999 í máli nr. 65/1999.

sækir stoð sína í óskráðar reglur eða venju myndi ekki uppfylla lagaáskilnað 1. mgr. 67. gr. stjtskr.³⁸ Einn dómari í máli þessu skilaði þó sératkvæði þar sem hann taldi að ekki væri hægt að fallast á, án afdráttar, að handtaka manns yrði ekki studd við heimildir reistar á venju eða öðrum óskráðum reglum. Vísaði hann í sératkvæði sínu til þeirrar grundvallarreglu íslensks réttar að óskráð lög geti verið jafngild settum lögum og jafnvel staðið því í vegi að ný lög tiltekins efnis verði sett. Taldi hann ekki unnt að útiloka að slík lagaregla gæti takmarkað þau réttindi sem meðal annars er mælt fyrir um í 67. gr. stjtskr.³⁹

Í dag er að finna ítarlegar reglur um um handtöku í XIII. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og lögreglulögum nr. 90/1996.⁴⁰ Hvergi er þó í þeim lagabálkum fjallað með skýrum hætti um hverjar handtökuheimildir lögreglu séu þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð eins og honum er heimilt að gera samkvæmt 98. gr. sml. Löggjafinn hefur því ekki ákveðið með óyggjandi hætti hverjar þessar heimildir lögreglu eru. Af því hlýtur að leiða að handtökuheimildir lögreglu við þessar aðstæður verði að styðjast við sömu heimildir og almennt gilda um handtöku manna.

Í þessum kafla verður fjallað um handtökuheimildir lögreglu og hvernig henni beri að haga framkvæmd handtöku. Verður jafnframt fjallað um þær reglur sem gilda um tímalengd handtöku og skyldu lögreglu til að leiða mann fyrir dómara.

3.1. Handtökuheimildir lögreglu samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008

Í 1. mgr. 90. gr. sml. er að finna almenna handtökuheimild lögreglu, þar sem lögreglu eru veittar heimildir til handtöku að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði 90. gr. laganna á einungis við þegar handtaka er liður í meðferð sakamáls og ástæða handtöku er sú að grunur leikur á að maður hafi framið refsivert brot.⁴¹ Í 1. mgr. 90. gr. sml. segir orðrétt:

Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Ákvæði 1. mgr. 90. gr. sml. á því aðeins við hafi refsivert brot verið framið eða grunur leiki á að svo sé. Ef slíku broti er ekki til að dreifa er þó hugsanlegt að lögreglu séu veittar heimildir til handtöku á grundvelli 2. og 3. mgr. 90. gr. sml. eða á grundvelli heimilda í öðrum lögum.⁴²

³⁸ MDE hefur þó ekki hafnað því að frelsissvipting geti stuðst við venjur eða stjórnsýslufrákvæmd, sbr. fyrri umfjöllun um dóm MDE í *Steel o.fl. gegn Bretlandi* frá 23. september 1998, nr. 24838/94.

³⁹ Hrd. 30. September 1999 í máli nr. 65/1999.

⁴⁰ Hér eftir lögrl. eða eftir atvikum lögreglulög.

⁴¹ Eiríkur Tómasson (n. 32) 222.

⁴² Sama heimild 224.

Í 2. mgr. 90. gr. sml. er kveðið á um heimild lögreglu til handtöku við uppbot eða fjölmennar óeirðir sem hafa haft, eða gætu haft, í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll. Er svo í 3. mgr. 90. gr. sml. kveðið á um heimild lögreglu til að handtaka mann í tilteknum tilvikum, t.a.m. ef hann hefur ekki sinnt kvaðningu til skýrslutöku hjá lögreglu í sakamáli eða ef hann hefur í leyfisleysi horfið úr gæsluvarðhaldi.

Ekki verður séð að handtökuheimildir lögreglu þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður rennur úr gildi geti sótt stoð sína í 2. eða 3. mgr. 90. gr. sml. Þar með má fallast á að ef lögreglu er játuð heimild til að handtaka sakborning við þessar aðstæður verði hann aðeins handtekinn á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml., enda hafi hann þá framið refsivert brot eða á því leikur a.m.k. grunur. Verða í framhaldinu nánar rakin þau skilyrði sem uppfyllt þurfa að vera svo lögreglu sé heimilt að handtaka mann á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml.

3.1.1. Skilyrði handtöku samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um meðferð sakamála

Svo lögregla megi grípa til handtöku á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. þurfa nokkur skilyrði að vera fyrir hendi. Frumskilyrði handtöku samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sml. er að grunur leiki á að maður hafi framið brot sem sætt geti ákæru. Vísast í þessu samhengi meðal annars til **Hrd. 45/1992** en þar var talið að handtaka lögreglu á 14 ára stúlku sem meinaður hafði verið aðgangur að dansleik hafi verið með öllu tilefnislaus, þar sem hún hafði ekkert brot framið. Með vísan til þess var umrædd handtaka lögreglu talin ólögmat.⁴³

Í 1. mgr. 90. gr. sml. er jafnframt kveðið á um að skilyrði handtöku sé að „rökstuddur grunur“ leiki á að refsivert brot hafi verið framið. Fyrirmynd þessa skilyrðis er sótt til hliðstæðs ákvæðis c-liðar 1. mgr. 5. gr. MSE. Skilyrði þetta, þ.e. að grunur þurfi að vera rökstuddur, hefur verið túlkað sem svo að grundsemdir einar og uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 90. gr. sml., heldur þurfi eitthvað meira að koma til. Í því sambandi hefur verið talið að fyrir þurfi að liggja frásögn eins eða fleiri sjónarvotta ef lögreglumenn hafa ekki sjálfir orðið vitni að broti. Aðstæður lögreglumanna þegar ákveða þarf hvort að handtaka skuli mann eru þó oft þess eðlis að skjótrar ákvörðunar er þörf. Af þeim ástæðum hefur verið talið að ekki sé hægt að gera kröfu um að grunur styðjist við óyggjandi rök, heldur verður að skýra umrætt orðalag 1. mgr. 90. gr. með þeim hætti að ekki megi handtaka mann ef ekkert hefur komið fram sem bent gæti til þess að hann hafi framið afbrot sem sætt geti ákæru. Aftur á móti þarf ekki að liggja fyrir með skýrum

⁴³ Hrd. 9. desember 1993 í máli nr. 45/1992.

hætti, þegar maður er handtekinn, í hverju nákvæmlega brot hans felst, né hver þáttur hans í broti er.⁴⁴

Þótt til staðar sé rökstuddur grunur um að maður hafi framið brot sem sætt geti ákæru er lögreglu aðeins heimilt að taka hann höndum í þeim tilgangi sem kveðið er á um í niðurlagi 1. mgr. 90. gr. sml.⁴⁵ Segir þar að skilyrði handtöku sé að hún sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist eða öryggi þess handtekna eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Áskilnaður 1. mgr. 90. gr. sml. þess efnis að handtaka sé nauðsynleg í tilteknum tilgangi er vísun til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.⁴⁶ Því skal aðeins gripið til handtöku ef ekki er hægt að ná því markmiði sem að er stefnt með öðru og vægara móti.⁴⁷ Svo lögreglu sé heimilt að handtaka mann á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. verður hún því að stefna að einhverju ofangreindra markmiða, einu eða fleiri, og verður handtakan jafnframt að vera nauðsynleg til þess að því markmiði verði fram náð.⁴⁸

Markmið þau sem talin eru upp í 1. mgr. 90. gr. sml. eru í grófum dráttum þau sömu og fram koma í a-d-lið 1. mgr. 95. gr. sml., þar sem kveðið er á um hin sérstöku skilyrði fyrir því að sakborningur verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Iðulega er gripið til handtöku í þágu meðferðar sakamáls og eftirfarandi gæsluvarðhalds krafist í sama tilgangi og ber því að skýra orðalag 1. mgr. 90. gr. sml. til samræmis við hin sérstöku skilyrði gæsluvarðhalds samkvæmt 1. mgr. 95. gr. sml.⁴⁹ Á sama hátt má því ætla að þegar gæsluvarðhaldsúrskurður er runninn úr gildi sökum þess að dómari hefur frestað ákvörðun um gæsluvarðhaldsúrskurð þurfi lögregla að gæta að þeim sjónarmiðum sem fram koma í 1. mgr. 90. gr. og 95. gr. sml. ef til handtöku á að koma. Markmið handtöku í slíkum kringumstæðum ætti því að vera það sama og eitthvert þeirra markmiða sem úrskurður um gæsluvarðhald átti að ná. Lögregla þyrfti því að leggja mat á það hvort handtaka stuðli að því markmiði við þær aðstæður eða hvort réttlætjanlegt sé að viðkomandi verði látinn laus úr haldi.

3.2. Handtökuheimildir lögreglu samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996

Í 16. gr. lögrl. er kveðið á um heimildir lögreglu til handtöku og færslu manns á lögreglustöð í afmörkuðum tilvikum. Þau tilvik sem 16. gr. lögrl. kveður á um er handtaka í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða

⁴⁴ Eiríkur Tómasson (n. 32) 225.

⁴⁵ Sama heimild 231.

⁴⁶ Hér eftir ssl.

⁴⁷ Eiríkur Tómasson (n. 32) 227.

⁴⁸ Sama heimild 231.

⁴⁹ Sama heimild.

hættu á óspektum, sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr. lögrl. Lögreglu er að auki rétt að handtaka mann ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi, ef hann á að aflána refsingu í fangelsi eða ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun, sbr. b-e-lið 1. mgr. 16. gr. lögrl.

Ekki verður séð að handtökuheimildir lögreglu, þegar dómari hefur ekki kveðið upp úrskurð um áframhaldandi gæsluvarðhald áður en fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður rennur út, geti sótt stoð sína í ákvæði lögreglulaga. Handtaka við slíkar aðstæður hlýtur ávallt að vera liður í meðferð sakamáls og myndi því sækja stoð sína í ákvæði laga um meðferð sakamála.

3.3. Framkvæmd handtöku

Líkt og fram hefur komið á handtekinn maður rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður handtökunnar, sbr. 2. mgr. 67. gr. stjkskr. og 2. mgr. 5. gr. MSE þar sem segir að hver sá maður sem tekinn er höndum skuli án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir sem eru á hann bornar. Í lögum um meðferð sakamála er fjallað um það hvernig handtaka skuli framkvæmd. Í 1. mgr. 28. gr. sml. er kveðið á um rétt hins handtekna til að fá að vita um ástæður handtöku og er í 1. mgr. 93. gr. sml. áréttað að við handtöku skuli upplýsa handtekinn mann um ástæður hennar. Lögreglu ber því, jafnskjótt og kostur er, að tilkynna manni að hann hafi verið handtekinn og er lögreglu auk þess skylt að gera honum grein fyrir ástæðum handtökunnar. Af skyldu lögreglu til að upplýsa handtekinn mann um ástæður handtöku hefur verið talið leiða að lögreglu sé jafnframt skylt að taka af honum formlega skýrslu.⁵⁰

Handtekinn maður, sem grunaður er um refsivert brot, nýtur réttarstöðu sakbornings samkvæmt 1. mgr. 27. gr. sml. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. sml. á sakborningur rétt á að hafa samband við lögmann og sína nánustu vandamenn þegar eftir handtöku og skal jafnframt tilkynna þeim að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. Sakborningi er samkvæmt 2. mgr. 64. gr. sml. að auki óskylt að svara spurningum er varða þá refsiverðu hegðun sem honum er gefin að sök.

Við framkvæmd handtöku ber lögreglu ávallt að gæta meðalhófs og ekki fara strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.⁵¹ Er í samræmi við það mælt fyrir um í 2. mgr. 93. gr. sml. að við handtöku skuli forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka honum meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Meginreglan um að gæta skuli meðalhófs birtist jafnframt í lögreglulögum, en þar segir í 2. mgr. 13. gr. að handhafar lögregluvalds skuli gæta þess að mönnum verði ekki

⁵⁰ Eiríkur Tómasson (n. 32) 241.

⁵¹ Sama heimild 239.

gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt sé og að ekki megi sakaðan mann beita harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt sé, né á annan hátt beita hann ólögmati þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum. Enn fremur segir í 14. gr. lögrl. að handhafar lögregluvalds megi aldrei ganga lengra í beitingu valds en þörf sé á hverju sinni.

Af ofangreindri umfjöllun má sjá að í lögum um meðferð sakamála er nokkuð meitlað í stein hvernig lögreglu ber að haga framkvæmd handtöku og hver réttindi handtekings manns skuli vera. Af ofangreindum ákvæðum má draga þá ályktun að ef lögregla handtekur mann í annað sinn eftir að gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hefur runnið úr gildi, á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald, þurfi að upplýsa viðkomandi um ástæður handtöku á ný jafnvel þótt hann hafi verið handtekinn vegna gruns um sama brotið áður. Í ljósi þess að talið hefur verið að í skyldu lögreglu til að upplýsa handtekinn mann um ástæður handtöku felist jafnframt skylda til að taka af honum formlega skýrslu mætti ætla að lögreglu beri við þessar kringumstæður að taka skýrslu af hinum handtekna á ný. Sömuleiðis má ætla að hinn handtekni skuli njóta allra sömu réttinda og hann naut við fyrri handtöku. Ber lögreglu jafnframt við þessar aðstæður sem endranær að gæta meðalhófs og gæta að því að sá handtekni verði ekki fyrir tjóni eða meiri óþægindum en nauðsyn beri til.

3.4. Tímalengd handtöku og lok hennar

Af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 leiðir að sú frelsisskerðing sem handtaka ber með sér skuli vara í eins stuttan tíma og kostur er. Ef seinni atvik, t.a.m. ef fyrir liggur að annar maður hafi framið brot, leiða í ljós að handtaka hafi verið ólögmat ber að láta hinn handtekna lausan þegar í stað. Hið sama á við þegar í ljós kemur að ekki er þörf á að halda hinum handtekna lengur í þágu rannsóknar, t.d. ef ekki er ástæða til að krefjast gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir honum. Gildir þá einu þótt ástæður fyrir handtökunni hafi verið fyllilega lögmætar í öndverðu.⁵² Vísast í þessu sambandi til **Hrd. 271/1999** þar sem einstaklingur hafði verið handtekinn og færður á lögreglustöð um kl. 16.30 og ekki sleppt úr haldi fyrr en kl. 4.30 um nóttina. Viðkomandi sakborningur höfðaði í kjölfarið mál gegn íslenska ríkinu og krafðist skaðabóta. Í dómi Hæstaréttar var svo að orði komist að lögreglu væri rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur léki á að hann hefði framið brot sem sætt gæti ákæru og að handtakan væri nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spillti sönnunargögnum. Aftur á móti væri lögreglu óheimilt að halda manni fönngnum eftir að í ljós kæmi í kjölfar handtöku að grunur væri ekki lengur fyrir hendi um að hinn handtekni hefði framið brot. Af þeim ástæðum taldi

⁵² Eiríkur Tómasson (n. 32) 241.

Hæstiréttur ekki lagaskilyrði fyrir því að svipta viðkomandi frelsi eftir að lögregla lauk skýrslutöku af honum.⁵³

3.5. Skylda til að leiða mann fyrir dómara

Líkt og fram hefur komið er kveðið á um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og MSE, en í því felst meðal annars að handtekinn maður skuli leiddur fyrir dómara innan tiltekins tíma. Í 3. mgr. 67. gr. stjkskr. segir orðrét:

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjött látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi.

Skilyrði greinarinnar, um að handtekinn maður skuli leiddur fyrir dómara „án undandráttar“, eru ekki skilgreind frekar í stjórnarskrá. Í skýringum með frumvarpi því er varð að 94. gr. núgildandi laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 kemur fram að sú venja hafi skapast að maður, sem handtekinn hafi verið í þágu rannsóknar, sé leiddur fyrir dóm innan sólarhrings frá því að hann var sviptur frelsi. Með setningu laganna var sú venjuhelgaða regla lögfest.⁵⁴ Segir nú í 1. másl. 94. gr. sml.:

Mann sem handtekinn hefur verið skal leiða fyrir dóm innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi, enda sé hann ekki látinn laus ellegar færður aftur í gæslu sem hann á að sæta.

Í 2. másl. 94. gr. sml. er þó gerður sá fyrirvari að ef veður, ófærð eða aðrar þvílíkar ástæður koma í veg fyrir að handtekinn maður verði leiddur fyrir dóm innan 24 klukkustunda skuli það gert jafnskjött og kostur er. Það sama á við ef handtekinn maður er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og ekki er unnt að taka af honum skýrslu fljótlega eftir að hann hefur verið handtekinn af þeim ástæðum. Þó er áréttað í lokamálslið 94. gr. sml. að aldrei megi þó draga lengur en í 30 klukkustundir að leiða handtekinn mann fyrir dómara af þeirri ástæðu.

Óréttmætar tafir á því að leiða handtekinn mann fyrir dómara, þ.e. ef lögregla brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 67. gr. stjkskr. og 94. gr. sml. um að leiða mann fyrir dómara innan tilskilins frests, geta orðið til þess að viðkomandi öðlist bótarétt á grundvelli 4. mgr. 67. gr. stjkskr. og 5. mgr. 5. gr. MSE. Getur slíkur dráttur jafnframt bakað lögreglumönnum ábyrgð, þar á meðal refsíabýrgð.⁵⁵ Í **E-3805/2012**, sem höfðað var til greiðslu skaðabóta á hendur íslenska ríkinu, meðal annars vegna ólögætrar frelsissviptingar, hafði stefnandi verið

⁵³ Hrd. 11. nóvember 1999 í máli nr. 271/1999.

⁵⁴ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál, athugasemdir við 94. gr.

⁵⁵ Eiríkur Tómasson (n. 32) 243.

handtekinn og í kjölfarið haldið á lögreglustöð í rúmar 28 klukkustundir. Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur var talið að frelsissviptingin bryti í bága við 94. gr. sml. og 3. mgr. 67. gr. stjkskr., sbr. 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Voru miskabætur til handa stefnanda vegna hinnar ólögsmætu frelsissviptingar ákveðnar 100.000 krónur.⁵⁶

Jafnvel þótt íslenska ríkið hafi verið talið bótaskyldt vegna óréttmætra tafa á því að leiða handtekinn mann fyrir dómara hefur af dómaframkvæmd verið dregin sú ályktun að óréttmætar tafir á leiðslu handtekings manns fyrir dómara valdi því ekki eitt og sér að dómara beri að hafna kröfu um gæsluvarðhald ef skilyrði þess eru á annað borð uppfyllt.⁵⁷ Í **Hrd. 20/1997** var staðfestur sá úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur að ákærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi en Hæstiréttur áréttaði þó að mjög ámælisvert væri að rúmur sólarhringur hefði liðið frá því að ákærði var handtekinn og þar til hann var verið leiddur fyrir dómara. Taldi dómurinn slíkan drátt vera í andstöðu við 3. mgr. 67. gr. stjkskr., en það myndi þó ekki valda því að hafna bæri kröfu um gæsluvarðhald.⁵⁸ Vert er að nefna að dómur þessi gekk fyrir gildistíð laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og fyrrnefndur 24 klukkustunda tímafrestur sem nú er kveðið á um í 94. gr. sml. var ekki lögfestur. Í **Hrd. 562/2010** var úrskurður Héraðsdóms Suðurlands staðfestur í Hæstarétti með vísan til forsendna hans. Í héraði hafði verið höfð uppi krafa um gæsluvarðhald yfir X. Frá því að X hafði verið handtekinn og þar til hann var leiddur fyrir dómara þar sem krafist var gæsluvarðhalds yfir honum var liðinn röskur sólarhringur. Var sú töf talin ámælisverð, en töfin olli þó ekki því að kröfu um gæsluvarðhald væri hafnað.⁵⁹ Hæstiréttur komst að sambærilegri niðurstöðu í **Hrd. 116/2014** og **Hrd. 1/2012**. Var þar í báðum tilvikum staðfestur gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms en fundið var þó að því að rúmur sólarhringur hefði liðið frá því að sakborningur var handtekinn og þar til hann var leiddur fyrir dómara og krafist var gæsluvarðhalds yfir honum. Var það talið fara í bága við 94. gr. sml., sbr. 3. mgr. 67. gr. stjkskr.⁶⁰ Í **S-334/2013** gerði dómari athugasemd við það að tæpir 27 klukkutímar hefðu liðið frá handtöku og þar til skýrslutöku yfir ákærðu lauk hjá lögreglu. Lögregla staðhæfði þó fyrir dómi að ákærða og verjandi hennar hefðu gefið samþykki sitt fyrir því að lögreglu væri heimilt að halda áfram skýrslutöku þrátt fyrir að 24 klukkustundir væru liðnar frá handtöku. Fyrir dómi vildi þó hvorki ákærða né verjandi kannast við að slíkt samþykki hefði verið gefið af þeirra hálfu. Var í dómi þessum talið að þessi framkvæmd bryti í bága við 94. gr. sml. og að

⁵⁶ Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 2013 í máli nr. E-3805/2012.

⁵⁷ Björg Thorarensen (n. 9) 146.

⁵⁸ Hrd. 15. janúar 1997 í máli nr. 20/1997.

⁵⁹ Hrd. 1. október 2010 í máli nr. 562/2010.

⁶⁰ Hrd. 19. febrúar 2014 í máli nr. 116/2014 og Hrd. 3. janúar 2012 í máli nr. 1/2012.

réttast hefði verið að leita eftir skriflegu samþykki ákærðu fyrir áframhaldandi skýrslutöku, ellegar láta hana lausa.⁶¹

Af ofangreindri dómaframkvæmd er ljóst að dómstólar hafa ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að halda handteknum manni lengur en í þær 24 klukkustundir sem kveðið er á um í 94. gr. sml., án þess að fyrir liggi úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald. Hafa dómstólar talið slíka framkvæmd stórlega vítaverða, enda er um að ræða skerðingu á grundvallarréttindum manna til persónufrelsis. Áhugavert er að rýna í þá dómaframkvæmd með hliðsjón af umfjöllunarefni ritgerðar þessarar, enda mætti ef til vill færa rök fyrir því að dómstólar myndu líta til sambærilegra sjónarmiða þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir manni hefur runnið út án þess að kveðinn hafi verið upp úrskurður um áframhaldandi gæsluvarðhald. Nánar verður fjallað um afstöðu dómstóla þegar slík staða er uppi í kafla 5.2., en í næsta kafla verður vikið að þeim reglum sem gilda um gæsluvarðhald og hvernig haga skuli gæsluvarðhaldskröfu.

4. Gæsluvarðhald

Gæsluvarðhald er sú þvingunarráðstöfun sem að öðru jöfnu gengur hvað lengst í þá átt að skerða réttindi manna,⁶² en í því felst að maður er sviptur frelsi um lengri tíma án þess þó að hafa hlotið dóm fyrir refsivert brot.⁶³ Þegar óskað er eftir úrskurði dómara um gæsluvarðhald eru þó oftast en ekki miklir rannsóknarhagsmunir í húfi og nauðsynlegt að tryggja að þeir fari ekki forgörðum.⁶⁴ Í þessum kafla verður farið stuttlega yfir skilyrði þess að sakaður maður verði úrskurðaður í gæsluvarðhald og hvernig þessari þvingunarráðstöfun er beitt í framkvæmd, en sú umfjöllun er nauðsynleg til að geta fyllilega gert grein fyrir þeirri réttarfarslegu stöðu sem upp kemur þegar dómari tekur sér frest til að taka ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi.

4.1. Ákvæði laga um meðferð sakamála er varða gæsluvarðhald

Í ljósi þess hversu alvarleg skerðing það er á réttindum manna að svipta þá frelsi um lengri tíma með gæsluvarðhaldi hefur þeirri þvingunarráðstöfun verið settar afar þröngar skorður í 3. mgr. 67. gr. stjkskr.⁶⁵ Er meðal annars kveðið á um í 3. mgr. 67. gr. að til gæsluvarðhalds verði ekki gripið nema fyrir liggi úrskurður dómara þess efnis. Í 3. másl. 67. gr. stjkskr. segir að

⁶¹ Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 2013 í máli nr. S-334/2013.

⁶² Björg Thorarensen (n. 9) 149.

⁶³ Eiríkur Tómasson, *Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamáls* (2. útg., Úlfliótur 2009) 56.

⁶⁴ Eiríkur Tómasson (n. 32) 245-246.

⁶⁵ Eiríkur Tómasson (n. 63) 57.

gæsluvarðhaldi verði aðeins beitt fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Verður þessi áskilnaður að teljast eðlilegur, enda getur grunur um minniháttar brot tæpast réttlætt þá frelsissviptingu sem fólgin er í gæsluvarðhaldi.⁶⁶ Í lokamálslið 3. mgr. 67. gr. stjkskr. er mikilvægi meðalhófsreglunnar áréttuð, en þar segir að maður skuli aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefji. Framangreind sjónarmið eru áréttuð í lögum um meðferð sakamála en í 2. mgr. 97. gr. sml. segir að gæsluvarðhald skuli ekki vara lengur en þörf krefji og skal sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds láta sakborning lausan jafnskjótt og ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Í **Hrd. 18/2010** höfðaði L mál á hendur íslenska ríkinu þar sem hann krafðist bóta, meðal annars vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti. Var talið í Hæstarétti að tilefni hefði verið í upphafi til að úrskurða L í gæsluvarðhald, en aftur á móti hefði rannsókn málsins dregist óhóflega að mati réttarins. Af þeim sökum var fallist á það í Hæstarétti að L hefði sætt gæsluvarðhaldi lengur en tilefni hefði verið til og að hann ætti rétt til bóta úr hendi íslenska ríkisins.⁶⁷

Gæsluvarðhaldsvist getur lokið með ferns konar hætti. Í fyrsta lagi lýkur gæsluvarðhaldsvist ef sá tími sem gæsluvarðhaldi er markaður í gæsluvarðhaldsúrskurði dómara er á enda runninn án þess að gæsluvarðhald hafi verið framlengt með nýjum úrskurði, sbr. 1. mgr. 97. gr. sml. Í öðru lagi lýkur gæsluvarðhaldi ef lögregla eða ákærandi telur ekki lengur ástæður gæslu vera fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 97. gr. sml. Segir svo í 3. mgr. 97. gr. að gæsluvarðhaldi ljúki með endanlegum dómi eða ef ákærði er sýknaður eða honum dæmd refsing sem er vægari en óskilorðsbundið fangelsi.

Eins og að framan var vikið verður manni aðeins gert að sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði dómara, sbr. 3. mgr. 67. gr. stjkskr. og 1. mgr. 97. gr. sml. Skiptir samþykki sakbornings til þess að sæta gæsluvarðhaldi í þessu samhengi engu máli, heldur skal ávallt kveða upp formlegan úrskurð um gæsluvarðhald, að því gefnu að skilyrði gæsluvarðhalds samkvæmt 95. gr. sml. séu uppfyllt.⁶⁸ Í 1. mgr. 97. gr. segir meðal annars:

Gæsluvarðhald skal ákveðið með úrskurði dómara, þar sem því skal markaður ákveðinn tími sem má ekki vera lengri en fjórar vikur í senn, enda setji ákvæði 4. mgr. 95. gr. því ekki enn þrengri tímamörk. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

Í 1. mgr. 98. gr. sml. er kveðið á um þá tímafresti sem dómari hefur til að leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald og segir þar orðrétt:

⁶⁶ Björg Thorarensen (n. 9) 149.

⁶⁷ Hrd. 21. október 2010 í máli nr. 18/2010.

⁶⁸ Eiríkur Tómasson (n. 32) 289.

Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr.

Tekur ofangreint ákvæði 1. mgr. 98. gr. sml. mið af fyrirmælum 3. mgr. 67. gr. stjkskr. sama efnis, þ.e. að dómari skuli áður en sólarhringur er liðinn ákveða með rökstuddum úrskurði hvort maður skuli sæta gæsluvarðhaldi.⁶⁹ Vísast í þessu sambandi til **Hrd. 70/1996** þar sem staðfestur var gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms með vísan til rannsóknarhagsmuna. Í dómi Hæstaréttar voru gerðar athugasemdir við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi. Málsatvik voru þau að fyrir héraðsdómi var lögð fram krafa um gæsluvarðhald, en í henni var lýsing á sakargiftum á hendur sakborningi ábótavant. Frestaði héraðsdómari málinu af þeim sökum og var úrskurður ekki kveðinn upp fyrir en rúnum 25 klukkustundum frá því að sakborningur hafði upphaflega verið leiddur fyrir dómara. Var þessi málsmeðferð talin andstæð 3. mgr. 67. gr. stjkskr. og vítaverð.⁷⁰

Í 2. málsl. 1. mgr. 97. gr. sml. er áréttað að gæsluvarðhald verði ekki framlengt nema til komi nýr úrskurður dómara. Af þeim ástæðum er ljóst að þegar úrskurður um gæsluvarðhald hefur runnið út er lögreglu ekki heimilt að halda sakborningi í gæsluvarðhaldi án þess að til komi nýr úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald. Má því draga þá ályktun að ef lögregla hyggst halda sakborningi áfram í gæslu sinni, á meðan ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður, verði hún að handtaka hann að nýju á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. Vísast í þessu sambandi meðal annars til **Lrd. 272/2018**,⁷¹ en hann verður ítarlega reifaður í kafla 5.2.3.

4.2. Krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð

Gengið er út frá því í lögum um meðferð sakamála að lögregla eða ákærvald hafi uppi kröfu um að maður skuli úrskurðaður í gæsluvarðhald.⁷² Í 1. mgr. 102. gr. sml. segir að leggja megi fyrir héraðsdóm kröfu um aðgerð á rannsóknarstigi sem atbeina dómara þarf til eftir öðrum ákvæðum laganna. Segir svo í 1. mgr. 103. gr. sml. að þegar ákærandi eða lögreglustjóri telur þörf á atbeina dómara til aðgerðar samkvæmt 1. mgr. 102. gr. sml. skuli hann leggja fram skriflega og rökstudda kröfu um hana fyrir héraðsdóm þar sem fram skal koma með skýrum hætti hver krafan sé, að hverjum hún beinist og á hvaða grunni hún sé reist, ásamt þeim gögnum sem krafan styðst við. Þeim sem kröfu um gæsluvarðhaldsúrskurð gerir, þ.e. lögreglu eða

⁶⁹ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál, athugasemdir við 98. gr.

⁷⁰ Hrd. 15. febrúar 1996 í máli nr. 70/1996.

⁷¹ Lrd. 16. mars 2018 í máli nr. 272/2018.

⁷² Eiríkur Tómasson (n. 32) 289.

ákærvaldi, ber því meðal annars að greina frá því á hvaða lagaákvæði krafa um gæsluvarðhald er reist, þeim málsatvikum sem krafan styðst við og hversu lengi krafist er gæsluvarðhalds.⁷³

4.2.1. Verkferlar ákærvaldsins við gerð gæsluvarðhaldskröfu

Samkvæmt 21. gr. sml. gefur ríkissaksóknari út almenn fyrirmæli um meðferð ákærvalds og hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds á lögreglustörfum. Ríkissaksóknari gaf út fyrirmæli þann 18. mars árið 2020 um verkferla sem ákærendum ber að vinna samkvæmt. Þar leggur ríkissaksóknari fyrir ákærendur að vinna í samræmi við þá verkferla við meðferð allra sakamála. Þar á meðal er verkferill vegna gæsluvarðhaldskröfu, þar sem ítarlega er greint frá því hvernig haga eigi slíkri kröfu. Ber ákæranda í byrjun ferlisins að sjá til þess að lagaskilyrði séu uppfyllt, þ.e. að uppfyllt séu skilyrði 95. gr. sml. um gæsluvarðhald. Samhliða því skal hann meta þörfina á gæsluvarðhaldi og fara yfir handtökuskýrslu vegna handtökutíma. Því næst fer af stað undirbúningur kröfunnar sem felst í því að panta tíma hjá dómara, senda tölvupóst á dómara og verjanda þar sem tilkynnt er tímasetning fyrirtöku. Ef um framlengingu á fyrra gæsluvarðhaldi er að ræða skal ákærandi panta tíma hjá dómara með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Í undirbúningsferlinu ber ákæranda að útbúa kröfu um gæsluvarðhaldsúrskurð og senda dómara og dómritara hana ásamt málgögnum sem fyrst, með minnst sólarhrings fyrirvara ef um framlengingu á fyrra gæsluvarðhaldi er að ræða. Ef mál er umfangsmikið og málgögn flókin segir í fyrirmælum þessum að eðlilegt kunni að vera að dómari fái gögnin einum degi fyrr. Við þinghald skal ákærandi mæta með undirritaða kröfu og málgögn ef málið er ekki rafrænt ásamt afriti af kröfu fyrir verjanda og sakborning.⁷⁴

Ríkissaksóknari gaf út sambærileg fyrirmæli þann 25. maí árið 2018 um kröfu um gæsluvarðhald. Með fyrirmælum þessum leitast ríkissaksóknari eftir því að tryggja ákveðna framkvæmd um hvernig haga eigi slíkri kröfu. Telur hann nauðsynlegt að krafa um gæsluvarðhald, þar á meðal krafa um framlengingu gæsluvarðhalds, berist héraðsdómara með það löngum fyrirvara að dómari hafi hæfilegan tíma til að fara yfir kröfuna og þau gögn sem henni fylgja og geti kveðið upp úrskurð áður en fyrra gæsluvarðhald rennur út. Beinir ríkissaksóknari því þeim fyrirmælum til allra ákæranda að krafa um framlengingu gæsluvarðhalds sé að öllu jöfnu send héraðsdómara og verjanda sólarhring áður en fyrra gæsluvarðhald rennur út.⁷⁵

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eru í gildi reglur frá árinu 2011 um gæsluvarðhald. Er þar afar ítarlega farið yfir þá verkferla sem lögreglu og ákærendum á

⁷³ Eiríkur Tómasson (n. 63) 77.

⁷⁴ Fyrirmæli ríkissaksóknara um verkferla sem ákærendum ber að vinna eftir, nr. 3/2020.

⁷⁵ Fyrirmæli ríkissaksóknara um kröfu um gæsluvarðhald, nr. 1/2018.

höfuðborgarsvæðinu ber að fylgja. Í fyrsta kafla umræddra reglna er farið yfir hvenær tilkynna eigi ákæranda að tilefni sé til að krefjast gæsluvarðhalds. Skal þá stjórnandi rannsóknar kynna ákæranda stöðu máls svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en átta klukkustundum frá handtöku. Í kjölfarið kynnir ákærandi sér rannsóknargögn og út frá þeim metur hann tilefni gæsluvarðhalds, sbr. annan kafla reglnanna. Slík rannsóknargögn, t.a.m. frumskýrsla og handtökuskýrsla, skulu vera tiltæk fyrir ákæranda að kynna sér strax í upphafi. Í fjórða kafla er áréttað hvert hlutverk ákæranda sé við gæsluvarðhaldskröfu. Er þar vísað í 1. gr. reglugerðar um stjórn lögreglurannsóknar og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 192/2008 sem kveður á um að lögregla annast rannsóknir brota í samráði við ákærendur. Hlutverk ákæranda er jafnframt að bera ábyrgð á því að stjórnarskrárvarin réttindi um að leiða skuli mann án undandrátta fyrir dómara séu virt. Ákærandi ber jafnframt ábyrgð á kröfugerð og að öll gögn sem henni fylgja séu fyrir hendi áður en gæsluvarðhaldskrafa er tekin fyrir í héraðsdómi, meðferð málsins fyrir dómi, hann stjórnar aðgerðum við undirbúning kröfugerðar og fer með öll nauðsynleg samskipti við dómara í sambandi við kröfugerðina og undirbúning hennar. Er í fjórða kafla auk þess lögð áhersla á að náðið samráð skuli vera á milli ákæranda og stjórnanda rannsóknar; ákærandi skal fylgjast vel með framgangi aðgerða og koma nauðsynlegum fyrir mælum sínum á framfæri við stjórnanda rannsóknar og gæta þess að upplýsa hann án tafar um nauðsynlegar tímasetningar.⁷⁶

Í sjötta kafla reglna þeirra sem í gildi eru hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er farið yfir hver vinna rannsóknardeildar vegna undirbúnings gæsluvarðhaldskröfu skuli vera. Er þar ítrekað að öll vinna skuli lúta að undirbúningi kröfugerðarinnar sjálfrar, þ.e. að öll gagnaöflun og úrvinnsla þeirra gagna sem aflað hefur verið skuli fyrst og fremst miða að aðild hins handtekna að brotinu og nauðsyn þess að hann sæti áframhaldandi frelsissviptingu með gæsluvarðhaldi. Aðra verkþætti rannsóknar skal forðast að vinna þar til sakborningur hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í níunda kafla reglnanna segir að öll gögn skuli liggja fyrir til handa ákæranda eigi síðar en 90 mínútum áður en gæsluvarðhaldskrafa er lögð fram fyrir héraðsdómi. Ber ákæranda að lokum að gæta þess að dómari eða ritari dómara fái kröfugerð um gæsluvarðhald í tölvutæku formi með hæfilegum fyrirvara áður en krafan er tekin fyrir í héraðsdómi.⁷⁷

Í 17. kafla sömu reglna er fjallað um hvernig haga skuli kröfu um framlengingu á gæsluvarðhaldi. Segir þar meðal annars að ákærandi skuli gera dómara og stjórnanda

⁷⁶ Reglur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um gæsluvarðhald, nr. V002-2011.

⁷⁷ Sama heimild.

rannsóknar viðvart um að krafist verði framlengingar á gæsluvarðhaldinu eigi síðar en daginn áður en krafan verður tekin fyrir í héraðsdómi.⁷⁸

Með ofangreindum fyrirmælum ríkissaksóknara og þeim reglum sem í gildi eru hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu virðist ljóst að leitast er eftir því að framkvæmd á verkþáttum gæsluvarðhaldskröfugerðar sé skilvirk og innan tímamarka þeirra sem kveðið er á um í 94. gr. sml. og 3. mgr. 67. gr. stjkskr. Verklagsreglur þessar sjá til þess að kröfugerð fari ekki forgörðum vegna tímaskorts og að dómari fái hæfilegan tíma til að fara yfir gæsluvarðhaldskröfu og gögnin sem henni fylgja. Draga má þá ályktun að umræddum verklagsreglum sé þannig ætlað að koma í veg fyrir að handtaka þurfi mann sökum þess að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hafi runnið út áður en dómari kveður upp úrskurð um áframhaldandi gæsluvarðhald.

5. Dómari frestar ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð

Eins og áður hefur verið vikið að í ritgerð þessari getur sú staða verið uppi að dómari taki sér umhugsunarfrest þegar hann hefur kynnt sér gæsluvarðhaldskröfu og þau gögn sem henni fylgja. Við þær aðstæður er ekki kveðinn upp úrskurður við fyrstu fyrirtöku, þ.e. þegar sakborningur er fyrst leiddur fyrir dómara. Dómara ber þó ávallt að kveða upp úrskurð innan þeirra 24 klukkustunda sem kveðið er á um í 1. mgr. 98. gr. sml. og 3. mgr. 67. gr. stjkskr. Eins og áður hefur verið vikið að er gæsluvarðhald sú þvingunarráðstöfun sem gengur hvað lengst í þá átt að skerða réttindi manna.⁷⁹ Mikið traust er því lagt á dómara, að hann kynni sér vel þau gögn sem gæsluvarðhaldskröfunni fylgja og leggi á þau rétt mat. Af þeim ástæðum og í ljósi þess hversu alvarleg skerðing gæsluvarðhald er á réttindum manna mætti telja það eðlilegt að dómari taki sér hæfilegan tíma til að ákveða hvort úrskurða eigi mann í gæsluvarðhald.

Þegar dómari tekur sér umhugsunarfrest og frestar ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald getur það orðið til þess að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður yfir sakborningi renni úr gildi áður en kveðinn er upp úrskurður um áframhaldandi gæsluvarðhald. Afar sjaldgæft er að þessi staða komi upp, enda liggur úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald almennt fyrir áður en fyrri úrskurður rennur úr gildi.⁸⁰ Að auki má ætla að áðurnefndum verklagsreglum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og fyrirmælum sem gefin voru út af

⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁹ Eiríkur Tómasson (n. 32) 245-246.

⁸⁰ María Káradóttir, verkefnastjóri ákærusviðs, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, viðtal við höfund (Reykjavík, 22. maí 2020).

ríkissaksóknara sé með einum eða öðrum hætti ætlað að koma í veg fyrir að þessi réttaróvissa skapist.

Hvergi er í íslenskri löggjöf kveðið á um það með skýrum hætti hvort lögreglu sé rétt að handtaka sakborning á meðan ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald eða hvort hún eigi að láta hann lausan úr haldi. Sömuleiðis virðist afstaða dómstóla til þessa álitaefnis ekki liggja fyrir með afgerandi hætti.

Í kafla þessum verður nánar fjallað um þá stöðu sem upp kemur þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður rennur úr gildi og hvernig tekið er á henni í framkvæmd. Litið verður til þeirra verkferla sem lögreglu ber að fylgja og að hversu miklu leyti dómstólar hafa fjallað um álitaefnið.

5.1. Framkvæmd innan lögreglunnar

Á meðan ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir sakborningi, sökum þess að dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald, hefur framkvæmd innan lögreglunnar verið sú að sakborningur er handtekinn á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. og leiddur aftur fyrir dómara á þeim tíma sem þinghaldi er fram haldið og kveðinn er upp úrskurður um áframhaldandi gæsluvarðhald. Handtaka við þessar aðstæður byggist á því að tryggja návist sakbornings á meðan dómari tekur sér lögbundinn frest til að kveða upp úrskurð.⁸¹

Í áður nefndum fyrirmælum ríkissaksóknara um kröfu um gæsluvarðhald segir meðal annars að ef áframhaldandi gæsluvarðhald yfir sakborningi rennur út áður en dómara gefst ráðrúm til að kveða upp nýjan úrskurð skuli sakborningur handtekinn á meðan beðið er uppkvæðningar úrskurðar. Ef bið er stutt skal sakborningur handtekinn á staðnum, þ.e. í héraðsdómi, en ef bið eftir nýjum úrskurði er lengri skal hann handtekinn og færður í fangaklefa á lögreglustöð til vistunar.⁸² Sambærilega klausu er að finna í tíunda kafla fyrirnefndra reglna sem gefnar voru út af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Segir þar að ef dómari hyggist kveða upp úrskurð í sama þinghaldi skuli sakborningur færður í fangaklefa í dómhúsinu þar til dómari heldur dómþingi áfram. Ef dómari hins vegar tekur sér lengri frest skal sakborningur fluttur í örugga gæslu á meðan beðið er úrskurðar.⁸³ Með öruggri gæslu er átt við vistun í fangaklefa á lögreglustöð.⁸⁴

⁸¹ Sama heimild.

⁸² Fyrirmæli ríkissaksóknara um kröfu um gæsluvarðhald, nr. 1/2018.

⁸³ Reglur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um gæsluvarðhald, nr. V002-2011.

⁸⁴ María Káradóttir (n. 80).

5.2. Afstaða dómstóla?

Í kafla 3.5. var fjallað um hvernig dómstólar hafa ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að halda handteknum manni lengur en í þær 24 klukkustundir sem kveðið er á um í 94. gr. sml., án þess að fyrir liggi úrskurður dómara um gæsluvarðhald. Færa mætti rök fyrir því að sömu sjónarmið gildi þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir manni hefur runnið út án þess að kveðinn hafi verið upp úrskurður um áframhaldandi gæsluvarðhald, enda ætti sá maður að njóta persónufrelsis síns og vera frjáls ferða sinna, rétt eins og að handtekinn maður ætti að vera frjáls ferða sinna 24 klukkustundum eftir handtöku hafi hann ekki verið leiddur fyrir dómara. Eins og áður hefur verið vikið að hafa dómstólar þó ekki tekið skýra afstöðu til þess hverjar handtökuheimildir lögreglu eru þegar dómari hefur frestað ákvörðun um gæsluvarðhaldsúrskurð með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi. Verður í þessum kafla leitast við að greina að hve miklu leyti dómstólar hafa fjallað um álitafnið og hvaða ályktun draga megi út frá umfjöllun þeirra. Fá mál hafa lent á borðum dómstóla þar sem sú staða hefur verið uppi að sakborningur hefur verið handtekinn á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald. Í þessum kafla verða þó reifuð fimm sakamál sem komið hafa til kasta dómstóla, á árunum 1996 til 2019, þar sem slík staða var uppi.

5.2.1. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-350/2018

Í byrjun árs 2019 var í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli nr. **S-350/2018**. Sneri mál þetta aðallega að innbroti og þjófnaði í gagnaver sem hýstu tölvubúnað og fylgihluti til að „grafa“ eftir rafmyntinni *Bitcoin*. Voru í máli þessu þrjár aðilar sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940⁸⁵, og fjórir aðilar fyrir hlutdeild í brotunum.⁸⁶

Á meðal þeirra sem sakfelldir voru í ofangreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness var S. Var hann handtekinn þann 17. desember árið 2017 og í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 18. desember til 22. sama mánaðar. Var S aftur úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 2. febrúar til 16. febrúar 2018. Á meðan á þeirri gæsluvarðhaldsvist stóð var höfð uppi krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald og tók dómari sér í kjölfarið sólarhringsfrest til að ákveða hvort verði ætti við þeirri kröfu. Á meðan á þessum umhugsunarfresti dómara stóð rann fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi og var S þá færður í gæslu í fangelsinu að Sogni. Aðfaranótt

⁸⁵ Hér eftir alm. hgl.

⁸⁶ Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. janúar 2019 í máli nr. S-350/2018.

17. febrúar 2018 yfirgaf S fangelsið að Sogni og fór af landi brott. Var í kjölfarið gefin út alþjóðleg handtökuskipun á hendur honum og þann 22. febrúar 2018 var S handtekinn í Hollandi og hann úrskurðaður í gæsluvarðhald þar í landi.⁸⁷

Í forsendum Héraðsdóms Reykjaness í ofangreindu máli nr. **S-350/2018** er hvergi vikið að því hverjar handtökuheimildir lögreglu voru á þeim tíma sem ekki var í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir S eða hvort henni hafi verið heimilt að færa S í gæslu í fangelsinu að Sogni. Við ákvörðun refsingar kom til frádráttar refsivist sá tími sem hann sætti gæsluvarðhaldi undir rannsókn málsins, frá 18. til 22. desember 2017 og frá 2. febrúar til 26. apríl 2018.⁸⁸ Hér athugast að á tímabilinu 17. til 22. febrúar sætti S ekki gæsluvarðhaldi, og kom því sá tími sem hann var erlendis og lögreglan á höttunum eftir honum til frádráttar refsivist hans. Þá niðurstöðu verður að telja nokkuð sérstaka. Þótt almennt megi fallast á að rétt sé að draga frá refsivist þann tíma sem sakborningur sætir gæsluvarðhaldi verður að telja óeðlilegt að dreginn sé frá refsivist sá tími sem sakborningur var frjáls ferða sinna og í góðu yfirlæti á öldurhúsum evrópskra stórborga.

Þann 20. apríl árið 2018 var á vef Fréttablaðsins birt frétt með fyrirsögninni „Yfirlýsing frá Sindra: Ég kem fljótlega“. Fréttinni fylgdi yfirlýsing frá S þar sem hann segir frá atburðarásinni eftir að hann hafði verið færður í fangelsið að Sogni: „*Þar var ég upplýstur um það að ég væri frjáls maður þar sem gæsluvarðhaldið væri útrunnið en undir þeirri hótun að lögreglan myndi handtaka mig ef ég yfirgæfi fangelsið án skýringa. Ég var neyddur til að undirrita pappír sem á stóð að ég væri frjáls ferða minna en ef ég færi mundi ég gista í fangaklefa þar til framlenging á gæsluvarðhaldi væri samþykkt.*“⁸⁹ Ekki verður séð við hvað lagaheimild framkvæmd lögreglu, eins og henni er lýst í yfirlýsingu þessari, sé studd. Virðist svo vera að lögregla sé að grípa til einhverra úrræða sem ekki eiga sér stoð í lögum, e.t.v. af því að hana hafi skort lögmaelt úrræði við þessar aðstæður. Sé frásögn S í fjölmiðlum sönn verður að telja þessa framkvæmd lögreglu vafasama, einkum í ljósi þess að lögreglu er á grundvelli 2. mgr. 13. gr. lögrl. óheimilt að grípa til slíkra úrræða, enda mætti túlka slíka framkvæmd sem eins konar hótun í garð sakbornings.

Vafasamt er þó að draga of miklar ályktanir af yfirlýsingu þessari, enda sannleiksgildi hennar ekki hafið yfir allan vafa. Að auki hefur þessi frásögn ekki verið staðfest af lögreglunni á Suðurnesjum sem fór með rannsókn málsins.⁹⁰

⁸⁷ Freyr Gígja Gunnarsson, „Sindri úrskurðaður í 19 daga gæsluvarðhald“ *ruv.is* (Reykjavík, 25. apríl 2018) <<https://www.ruv.is/frett/sindri-urskurdadur-i-19-daga-gaelsluvardhald>> skoðað 29. apríl 2020.

⁸⁸ Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. janúar 2019 í máli nr. S-350/2018.

⁸⁹ Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Yfirlýsing frá Sindra: Ég kem fljótlega“ *frettabladid.is* (Reykjavík, 2. apríl 2018) <<https://www.frettabladid.is/frettir/yfirlsing-fra-sindra-eg-kem-fljotlega/>> skoðað 22. apríl 2020.

⁹⁰ Alda Hrönn Jóhannsdóttir, lögreglan á Suðurnesjum, bréf til höfundar (24. maí 2020).

5.2.2. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 217/2013

X hafði verið sakaður um stórfellt fíkniefnabrot sem varðað gæti við 173. gr. a. alm. hgl. Með úrskurði héraðsdóms þann 18. mars 2013 var X gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 þann 25. mars 2013 á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. sml. og var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti í **Hrd. 183/2013**.⁹¹ Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 26. mars 2013 var X síðan gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 þann 22. apríl 2013. Var í **Hrd. 217/2013** staðfestur sá úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, en gæsluvarðhaldinu markaður skemmri tími, til kl. 16:00 þann 5. apríl 2013.

Í forsendum Hæstaréttar í **Hrd. 217/2013** segir að samkvæmt 1. mgr. 67. gr. stjkskr., sbr. 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, megi engan svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Er þar jafnframt vísað til 1. mgr. 97. gr. sml. þess efnis að gæsluvarðhald skuli ákveðið með úrskurði dómara þar sem því skuli markaður ákveðinn tími. Segir því næst í dómi Hæstaréttar: „[...]Eins og áður greinir lauk gæsluvarðhaldi því, sem varnaraðila var upphaflega gert að sæta, mánudaginn 25. mars 2013 klukkan 16. Samkvæmt endurríti úr þingbók var hann leiddur fyrir dómara þann dag klukkan 15.50, en hinn kærði úrskurður ekki kveðinn upp fyrr en þriðjudaginn 26. mars klukkan 14.48. Á tímabilinu frá því að gæsluvarðhaldið rann út, þar til hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, var varnaraðili í haldi lögreglu. Í öðrum málslíð 1. mgr. 97. gr. laga nr. 88/2008 er svo fyrir mælt að gæsluvarðhald verði ekki framlengt nema til komi nýr úrskurður. Samkvæmt því var varnaraðili sviptur frelsi í tæpan sólarhring án lagaheimildar og með því brotið gegn skýrum fyrirætlum 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Er það stórlega vítavert.“⁹²

Segir í dómi Hæstaréttar að X hafi verið „í haldi lögreglu“ á meðan beðið var úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir honum. Orðalag þetta er óljóst að því leytinu til að hvergi kemur fram hvort X hafi verið handtekinn formlega eða hvort honum hafi verið haldið í gæslu lögreglu án þess að hann hafi verið formlega handtekinn. Samkvæmt heimildum frá lögreglunni á Suðurnesjum var X ekki handtekinn á ný með formlegum hætti, heldur færður í gæslu lögreglu á meðan beðið var úrskurðar dómara.⁹³ Af ofangreindum ummælum í dómi Hæstaréttar má þó sjá að hvergi er vikið að handtökuheimildum lögreglu, t.a.m. vísað í 1. mgr. 90. gr. sml. Í forsendum Hæstaréttar er vísað til ákvæðis 1. mgr. 97. gr. sml. þess efnis að gæsluvarðhald verði ákveðið með úrskurði dómara og aðeins framlengt ef til kemur nýr úrskurður. Með vísan til 1. mgr. 97.

⁹¹ Hrd. 20. mars 2013 í máli nr. 183/2013.

⁹² Hrd. 27. mars 2013 í máli nr. 217/2013.

⁹³ Alda Hrönn Jóhannsdóttir (n. 90).

gr. sml. var í niðurstöðu Hæstaréttar talið vítavert af lögreglu að halda X, þar sem ekki lá fyrir úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald. Með vísan til framangreinds, og þeirrar staðreyndar að X hafði ekki verið handtekinn með formlegum hætti, má ætla að dómstólar hafi litið á gæslu X, á meðan ekki var í gildi úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald, sem eins konar framlengingu á fyrra gæsluvarðhaldi hans, án þess að fyrir lægi úrskurður dómara þess efnis. Draga má því þá ályktun af niðurstöðu Hæstaréttar að slík framkvæmd lögreglu hafi verið stórlega vítaverð. Aftur á móti er hvergi í dómi Hæstaréttar vikið að því hvað lögreglu hafi borið að gera við þessar aðstæður. Verður að draga þá ályktun að lögreglu hafi annaðhvort borið að handtaka X á ný með formlegum hætti ef hún teldi á því þörf ellegar láta hann lausan úr haldi.

5.2.3. Dómur Landsréttar í máli nr. 272/2018

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. **S-482/2017** var X sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.⁹⁴ Hafði X lýst því yfir við dómsuppkvaðningu að dóminum yrði áfrýjað. Sömuleiðis upplýsti saksóknari dóminn um að áfrýjunarstefna hefði verið gefin út þann 10. janúar og að þess væri vænst að meðferð málsins fyrir Landsrétti yrði hraðað með tilliti til gæsluvarðhalds X.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 12. mars 2018 var dómfellda gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. sml. á meðan mál hans væri til meðferðar hjá dómstólum á áfrýjunarstigi, allt þar til dómur félli í Landsrétti, þó eigi lengur en til kl. 16.00 þann 1. október 2018. Var úrskurður þessi kærður til Landsréttar með kæru 12. mars 2018 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum þann 14. mars 2018. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar var hann staðfestur í **Lrd. 272/2018** þann 16. mars 2018. Var gæsluvarðhaldi X þó markaður skemmri tími í dómi Landsréttar, ekki lengur en til kl. 16.00 þann 15. júní 2018.

Í forsendum Landsréttar í **Lrd. 272/2018** var vísað til þess sem bókað var í þingbók í framangreindu máli Héraðsdóms Reykjavíkur. Var þar bókað að þann 12. mars 2018 hafi saksóknari mætt fyrir dóm kl. 15.45 og lagt fram kröfu um að X yrði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi. Hafi verjandi X jafnframt verið viðstaddur, en upplýsingar hefðu borist frá fangelsinu á Hólmsheiði þess efnis að X hefði neitað að koma fyrir dóminn og sýnt mótþróa er færa átti hann þangað. Var af þeim ástæðum óskað eftir stuttum fresti svo unnt væri að færa X fyrir dóm. Veitti héraðsdómari umbeðinn frest. Segir í dómi Landsréttar að samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 18. desember 2017 hafi gæsluvarðhaldsvist X lokið þann 12. mars 2018 kl. 16.00. Hafi hann þá verið handtekinn innan við fimm mínútum síðar til að tryggja

⁹⁴ Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 2017 í máli nr. S-482/2018.

návist hans og í kjölfarið færður fyrir héraðsdóm þar sem áframhaldandi gæsluvarðhaldskrafa var kynnt honum kl. 17.01.⁹⁵

Á vef Morgunblaðsins var birt frétt þann 13. mars 2018. Þar var greint frá því að þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir X rann út kl. 16.00 hafi honum verið sleppt úr haldi þar sem hann dvaldi í fangelsinu á Hólmsheiði. Hafi hann þó ekki komist lengra en út á bílastæðið við fangelsið, því að þar biðu hans fjórir lögreglubílar. Þar var hann handtekinn og færður í héraðsdóm þar sem hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald.⁹⁶

Af atvikum þeim, sem lýst hefur verið hér að ofan eins og þau voru rakin í umræddum dómi Landsréttar nr. 272/2018 er ljóst að ekki var í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir X frá kl. 16.00 til kl. 17.01 þann 12. mars 2018. Af forsendum dómsins má ætla að lögreglu hafi verið heimilt að handtaka X á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. á því tímabili þar sem ekki var í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum. Eins og segir í forsendum dómsins þá var X handtekinn til að tryggja návist hans. Ætla verður að orðalag þetta sé vísun til 1. mgr. 90. gr. sml., en þar segir að lögreglu sé rétt að handtaka mann meðal annars til að tryggja návist hans.

5.2.4. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 436/1996

Á hafði verið dæmdur í héraði í þriggja ára fangelsi og með úrskurði dómara skyldi hann sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt þágildandi 106. gr. laga um meðferð opinberra mála á meðan á fresti hans til áfrýjunar stæði samkvæmt 2. mgr. 151. gr. sömu laga. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti hann með dómi sínum. Á hinn bóginn segir svo í dómi Hæstaréttar: „Það athugast að 2. þessa mánaðar um kl. 11.00 var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur yfir varnaraðila [Á], þar sem honum var gert að sæta fangelsi í þrjú ár. Fram til þess tíma hafði varnaraðili verið í gæsluvarðhaldi, sem lauk við uppkvaðningu dómsins, sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991. Við dómsuppsögu var ekki sótt þing af hálfu sóknaraðila [ákærvaldsins], en sama dag kl. 13.00 var tekin fyrir á dómþingi krafa um framlengingu gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, sem er til úrlausnar í máli þessu. Á tímasteiðinu frá uppkvaðningu dómsins, þar til krafan var tekin fyrir, var varnaraðili í haldi að ósk ríkissaksóknara og samkvæmt ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins. Brast lagaheimild fyrir þeirri frelsissviptingu. Er þessi framkvæmd vítaverð.“⁹⁷ Hafði gæsluvarðhaldi yfir Á lokið með dómi héraðsdóms kl. 11.00 en honum aftur á móti haldið í gæslu lögreglu þar

⁹⁵ Lrd. 16. mars 2018 í máli nr. 272/2018.

⁹⁶ Höskuldur Daði Magnússon, „Handtekinn fyrir utan fangelsið“ *mbl.is* (Reykjavík, 13. mars 2018) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/03/13/handtekinn_fyrir_utan_fangelsid/> skoðað 28. apríl 2020.

⁹⁷ Hrd. 5. desember 1996 í máli nr. 436/1996.

til kl. 13.00 sama dag, þegar kveðinn var upp gæsluvarðhaldsúrskurður þar sem Á var gert að sæta gæsluvarðhaldi á meðan á fresti hans til áfrýjunar stæði. Segir í niðurstöðu Hæstaréttar að á milli kl. 11.00 og 13.00 hafi Á verið sviptur frelsi sínu án lagaheimildar og var slík framkvæmd talin stórlega vítaverð.

Þess ber að geta að með 23. gr. laga nr. 76/2019 var gerð breyting á lögum um meðferð sakamála þannig að ekki er lengur kveðið á um það að gæsluvarðhaldi ljúki fortakslaust þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í máli. Er nú kveðið á um að gæsluvarðhaldi ljúki með endanlegum dómi eða ef ákærði er sýknaður eða honum dæmd refsing sem er vægari en óskilorðsbundið fangelsi í ákvæði. Með framangreindri breytingu var lögreglu tryggð skilvirkari heimild til þess að halda hinum sakfellda í gæslu þar til endanlegur dómur liggur fyrir í máli hans.⁹⁸

Sú staða sem uppi var í máli þessu er vissulega önnur en sú sem er hér til umfjöllunar, en þó er hún sambærileg að því leytinu til að í báðum tilvikum hefur gæsluvarðhaldsúrskurður runnið úr gildi og sakborningi haldið í gæslu lögreglu þar til nýr úrskurður um áframhaldandi gæsluvarðhald er kveðinn upp. Með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar í máli þessu má draga þá ályktun að sömu sjónarmið hljóti að gilda þegar sakborningur hefur verið færður í gæslu lögreglu þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hefur runnið út á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald.

5.2.5. Úrskurður Landsréttar í máli nr. 885/2019

K hafði verið handtekinn og með úrskurði dómara gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 25. desember til kl. 16.00 þann 29. desember 2019. Þann sama dag og fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður rann út var kveðinn upp úrskurður í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um áframhaldandi gæsluvarðhald var hafnað. Var sá úrskurður kærður til Landsréttar. Krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald var reist á a- og c-liðum 1. mgr. 95. gr. sml., þ.e. á grundvelli rannsóknarhagsmuna og í ljósi þess að ætla mætti að sakborningur myndi halda áfram brotum á meðan máli hans væri ekki lokið.

Í forsendum úrskurðar héraðsdóms, sem staðfestur var í Landsrétti, kom fram að þegar höfðu verið teknar skýrslur af meintum brotapolum, rannsókn hafði farið fram og hald hafði verið lagt á muni. Taldi héraðsdómur því rannsókn málsins komna á það stig að ekki væri ástæða til að ætla að sakborningur myndi torvela rannsókn þess. Taldi héraðsdómur meðal annars með vísan til þess að sakborningur myndi ekki teljast síbrota- eða vanaafbrotamaður að

⁹⁸ Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1243 – 783. mál, athugasemdir við 23. gr.

skilyrði c-liðar 1. mgr. 95. gr. sml. væru ekki uppfyllt og var kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald þar með hafnað.

Af úrskurði Landsréttar þykir ljóst að í kjölfar héraðsdóms, þar sem kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald var hafnað, hafi sakborningi verið sleppt úr haldi. Í niðurstöðu Landsréttar kom meðal annars eftirfarandi fram: „í ljósi alls framangreinds og þess að varnaraðili hefur verið frjáls ferða sinna frá 30. desember 2019 verður ekki talið að gæsluvarðhald þjóni þeim rannsóknarhagsmunum sem a-lið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 er ætlað að vernda“.⁹⁹ Með vísan til þessa álitaefnis sem hér er til umfjöllunar er áhugavert að rýna í þessi orð Landsréttar. Hér virðist Landsréttur staðfesta að sú staðreynd að sakborningur hafi gengið laus geti komið í veg fyrir eða sé í það minnsta rök gegn því að sakborningur verði færður í áframhaldandi gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna eftir að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi. Af því má draga þá ályktun að lögregla sé í einkar erfiðri stöðu þegar dómari hefur tekið sér frest til að úrskurða um áframhaldandi gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna, með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður fellur úr gildi. Handtökuheimildir lögreglu við þessar aðstæður eru ekki skýrar eins og fjallað hefur verið um, en ef lögregla handtekur viðkomandi sakborning ekki mun hann ganga laus, sem kann þá að hafa áhrif á niðurstöðu þess dómara sem hefur tekið sér frest til að úrskurða um áframhaldandi gæsluvarðhald.

5.3. Eyða í lögum?

Eins og áður segir er hvergi í íslenskri löggjöf kveðið á um með skýrum hætti hverjar handtökuheimildir lögreglu eru þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður yfir sakborningi rennur út. Sömuleiðis liggur afstaða löggjafans ekki fyrir með óyggjandi hætti. Hefur lögregla við þessar aðstæður handtekið sakborning á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml., en þar segir orðrétt:

Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Ákvæði 1. mgr. 90. gr. sml. kveður því ekki á um að lögregla skuli handtaka mann á meðan beðið er úrskurðar dómara um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð með beinum hætti.

⁹⁹ Úrskurður Landsréttar 3. janúar 2020 í máli nr. 885/2019.

Þegar ákvæði kveður ekki á um tiltekið tilvik, eða gerir það á óljósan hátt, hefur það í fræði lögskýringa verið nefnt „eyða í lagaákvæði“.¹⁰⁰ Færa mætti rök fyrir því að hér sé um að ræða slíka eyðu í lagaákvæði, sem þarfnast þá eyðufyllingar. Við eyðufyllingu er notast við almennar lögskýringar, svo sem lögjöfnun, rýmkaði eða þrengjandi skýringu.¹⁰¹ Það er algild regla við lögskýringu að skýra skuli þröngt þau ákvæði laga sem með einum eða öðrum hætti skerða frelsi og réttindi manna.¹⁰² Með þrengjandi lögskýringu er átt við að efni lagaákvæðis sé ákvarðað þrengra en orð þess gefa til kynna og því hafnað að fella tilvik undir regluna sem ætla mætti eftir orðanna hljóðan að ættu heima þar. Ákvæði sem skerða frelsi manna og réttindi verða því ekki talin ná til annarra atvika eða fela í sér frekari skerðingar en orðalag þess kveður á um. Eitt afbrigði þrengjandi lögskýringar er að ákvæði er skýrt þröngt vegna sjónarmiða sem eru í andstöðu við regluna sem í því felst, t.d. ef um er að ræða ákvæði sem felur í sér takmarkanir á réttindum manna.¹⁰³ Við skýringu á ákvæðum þeim er lúta að handtöku og gæsluvarðhaldi ber því að notast við þrengjandi lögskýringu, enda er þar kveðið á um þvingunarúrræði sem skerða mikilsverð réttindi manna til frelsis sem varin eru í 67. gr. stjkskr. Beita ætti því þrengjandi lögskýringu þegar metið er hvort lögreglu sé játuð heimild til að handtaka sakborning, á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml., á þeim tíma sem ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum. Þar sem ekki er í 1. mgr. 90. gr. sml. sérstaklega kveðið á um að lögreglu sé heimilt að handtaka sakborning á meðan beðið er eftir úrskurði héraðsdómara um gæsluvarðhald mætti því álykta að nærtækara væri að túlka ákvæðið með þeim hætti að henni sé það óheimilt. Hafna bæri að túlka ákvæði 1. mgr. 90. gr. sml. með víðum hætti eða að unnt sé að fylla í hina ætluðu lagalegu eyðu með vísan til annarra lögskýringarsjónarmiða, svo sem með vísan til eðlis máls, meginreglna laga eða eftir atvikum lögjöfnunar.

Ljóst þykir, með vísan til ofangreinds, að heimildir lögreglu til að handtaka sakborning við þessar kringumstæður á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. séu í besta falli óljósar. Í ljósi þeirra mikilsverðu hagsmuna sem undir eru og með vísan til lögætisreglunnar væri því heppilegast ef lögð væri fram breyting á lögum um meðferð sakamála þannig að skýrt væri kveðið á um handtökuheimildir lögreglu við þessar aðstæður í lögum.

¹⁰⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV útgáfa 2008) 17.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² Sama heimild 169.

¹⁰³ Sama heimild 165-166.

6. Lokaorð

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að skoða þau sjónarmið sem koma til álita hvað varðar handtökuheimildir lögreglu þegar dómari hefur frestað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurð með þeim afleiðingum að fyrri gæsluvarðhaldsúrskurður yfir sakborningi rennur sitt skeið. Í ljósi þess að hvorki afstaða dómstóla né löggjafans til þessa álitaefnis virðist liggja fyrir með óyggjandi hætti var hið lögfræðilega verkefni að álykta af samhengi ákvæða laga um meðferð sakamála er lúta að handtöku og gæsluvarðhaldi og óljósri dómaframkvæmd íslenskra dómstóla hvort lögreglu sé heimilt að handtaka sakborning öðru sinni vegna gruns um sama refsiverða brotið eftir að gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hefur runnið út.

Fjallað var um að hvorki ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands né lög um meðferð sakamála standi því í vegi að lögreglu sé heimilt að handtaka sakborning á þeim tíma sem ekki er í gildi áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum, séu á annað borð uppfyllt skilyrði 1. mgr. 90. gr. sml. Af **Lrd. 272/2018** var dregin sú ályktun að lögreglu sé að mati dómsins heimilt við þessar aðstæður að handtaka sakborning á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. Sambærileg ályktun var dregin af **Hrd. 217/2013**, en þó ekki með eins greinilegum hætti. Í ljósi framangreinds verður því komist að þeirri niðurstöðu að lögreglu geti verið heimilt að handtaka mann við þessar aðstæður, án þess að fara á svig við það lagaumhverfi sem gildir um meðferð sakamála. Lögreglu hljóti þó ávallt að bera að framkvæma það mat sem kveðið er á um í 1. mgr. 90. gr. sml., sbr. 1. mgr. 95. gr. sml., þ.e. hvort uppfyllt séu skilyrði handtöku.

Fjallað var um þær verklagsreglur sem lögreglu ber að fylgja við undirbúning og gerð gæsluvarðhaldskröfu og hvernig ríkissaksóknari og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafa beint þeim tilmælum til lögreglu að handtaka sakborning á meðan ekki er í gildi áframhaldandi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum og færa hann í örugga gæslu á meðan beðið er úrskurðar héraðsdómara. Þessi framkvæmd virðist þó nokkrum vandkvæðum bundin, þar sem nokkuð meitlað er í stein í hvaða tilvikum handtaka má mann samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Sömuleiðis er í 1. mgr. 90. gr. sml. lagt í hendur lögreglu að framkvæma mat á því hvort skilyrði handtöku séu uppfyllt hverju sinni. Draga má þá ályktun að verklagsreglur þær, sem gilda um handtöku sakbornings þegar ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum, valdi því að lögregla leggi í raun ekki mat á það hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. sml., sbr. 1. mgr. 95. gr. sml., séu uppfyllt við slíkar aðstæður. Af þeim ástæðum má líta svo á að handtaka við slíkar aðstæður kunni að

styðjast við verklagsreglur en ekki sett lög, sem er með öllu ótækt í ljósi lögmætisreglunnar og þeirra hagsmuna sem undir eru.

Stuttlega var vikið að skilyrðum frelsissviptingar samkvæmt 1. mgr. 5. gr. MSE. Var fjallað um þær kröfur sem MDE gerir til landslöggjafar aðildarríkis svo hún uppfylli 1. mgr. 5. gr. MSE. Þrátt fyrir að lögreglu geti verið heimilt að handtaka sakborning á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. á meðan ekki er í gildi gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum, má samt sem áður velta því upp hvort að 1. mgr. 90. gr. sml. uppfylli áskilnað MDE um skýrleika og fyrirsjáanleika. Ekki er í 1. mgr. 90. gr. sml. kveðið á um með skýrum hætti að lögreglu sé heimilt að handtaka sakborning við slíkar aðstæður og því óvíst hvort að sú heimild uppfylli áskilnað MDE. Ljóst er þó, að fyrrnefndar verklagsreglur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki eru aðgengilegar almenningi, geta ekki einar og sér verið fullnægjandi heimild til handtöku í ljósi skilyrða 1. mgr. 5. gr. MSE, sbr. **dóm MDE í máli Hildu Hafsteinsdóttur gegn Íslandi frá 8. júní 2004 nr. 40905/98.**

Sömuleiðis má velta því upp hvort sú framkvæmd að handtaka sakborning á meðan beðið er úrskurðar héraðsdómara um gæsluvarðhald, sé rökrétt og eðlileg með vísan til ákvæða laga um meðferð sakamála, innra samræmis þeirra og túlkunar. Þegar sakborningur hefur lokið gæsluvarðhaldsvist sinni og ekki liggur fyrir úrskurður dómara um áframhaldandi gæsluvarðhald hafa í raun allar þvingunarráðstafanir sem viðkomandi hefur verið beittur fallið úr gildi. Sakborningur er þá þegar kominn út úr þeim 24 klukkustunda tímaramma sem kveðið er á um í 94. gr. sml. og hefur lokið gæsluvarðhaldsvist sem ekki verður framlengd nema til komi nýr úrskurður dómara, sbr. 1. mgr. 97. gr. sml. Ef lögreglu væri á grundvelli gildandi laga játuð heimild til að handtaka sakborning við þessar aðstæður mætti í raun með sömu rökum heimila lögreglu að handtaka mann á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sml. og halda honum í 24 klukkustundir, sbr. 94. gr. sömu laga, sleppa honum þá úr haldi, handtaka hann aftur og halda honum í aðrar 24 klukkustundir o.s.frv.

Samkvæmt framansögðu má færa fyrir því sterk rök að æskilegast væri að gerð yrði breyting á lögum um meðferð sakamála, þannig að afstaða og vilji löggjafans væri skýr um hverjar handtökuheimildir lögreglu eru við þessar aðstæður og að um þær væri kveðið á í lögum með óyggjandi hætti. Með þeim hætti mætti koma í veg fyrir réttaróvissu, en á sama tíma væri tryggt að mikilsverðir rannsóknarhagsmunir færu ekki til spillis sökum þess að heimildir lögreglu væru óljósar. Slíka breytingu á lögum um meðferð sakamála mætti orða með eftirfarandi hætti:

*Við 90. gr. laganna bætist við ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Renni úrskurður um gæsluvarðhald skv. 1. mgr. 97. gr. úr gildi án þess að dómari hafi lagt úrskurð á kröfu um framlengingu þess gæsluvarðhalds er lögreglu rétt að handtaka sakborning þann sem krafa beinist að, enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt.*

Til að komið verði í veg fyrir sambærilega óvissu í tengslum við fyrsta gæsluvarðhaldsúrskurð er jafnframt rétt að leggja til breytingu á lögum um meðferð sakamála sem veita lögreglu skýra heimild til að halda sakborningi í haldi lengur en leiða má af núgildandi 94. gr. laganna. Slíka breytingu mætti orða svo:

*Við 94. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Hafi maður verið leiddur fyrir dómara skv. 1. mgr. er lögreglu ekki skylt að láta hann lausan úr haldi á meðan beðið er niðurstöðu dómara um gæsluvarðhaldsúrskurð.*

Að mati höfundar myndu ofangreindar lagabreytingar verða til töluverðra bóta. Með slíkum breytingum mætti tryggja lögreglu skilvirkari heimild til að halda sakborningi á meðan beðið er eftir úrskurði dómara yfir honum og þannig meðal annars koma í veg fyrir að mikilsverðir rannsóknarhagsmunir fari til spillis. Slíkar breytingar myndu jafnframt enn betur tryggja að framkvæmd lögreglu uppfylli áskilnað lögætisreglu, stjórnarskrár og MSE.

Heimildaskrá

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1243 – 783. mál.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, lögreglan á Suðurnesjum, bréf til höfundar (24. maí 2020).

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008).

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Undirstöður og handhafar ríkisvalds* (Bókaútgáfan Codex 2015).

Björg Thorarensen, „Tengsl þjóðaréttar við íslenska stjórnskipun og áhrif alþjóðasamninga á íslenskan rétt“ (2012) 65 Úlfljótur.

Björg Thorarensen o.fl., *Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (2. útg., Bókaútgáfan Codex 2009).

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV útgáfa 2008).

Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir* (Bókaútgáfan Codex 2012).

Eiríkur Tómasson, „Yfirlit yfir þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar opinberra mála“ (1997) 50 Úlfljótur.

Eiríkur Tómasson, *Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamáls* (2. útg., Úlfljótur 2009).

ECHR, Guide on Article 5 of the European Convention on Human Rights, uppfært 30. apríl 2020 <https://www.echr.coe.int/Documents/Guide_Art_5_ENG.pdf> sótt 1. júní 2020.

Freyr Gígja Gunnarsson, „Sindri úrskurðaður í 19 daga gæsluvarðhald“ *ruv.is* (Reykjavík, 25. apríl 2018) <<https://www.ruv.is/frett/sindri-urskurdadur-i-19-daga-gaesluvardhald>> skoðað 29. apríl 2020.

Gunnar Páll Baldvinsson, „Gæsluvarðhald samvkæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála: Þýðing dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Letellier fyrir íslenskan rétt“ (2013) 66 Úlfljótur 446.

Hjálmar Vilhjálmsson, „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264-1732“ (1965) 15 Tímarit lögfræðinga.

Höskuldur Daði Magnússon, „Handtekinn fyrir utan fangelsið“ *mbl.is* (Reykjavík, 13. mars 2018) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/03/13/handtekinn_fyrir_utan_fangelsid/> skoðað 28. apríl 2020.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, „Verðleikar laganna – lagaáskilnaðarreglur mannréttindasáttmála Evrópu og afstaða hennar til íslensks réttar“ (2003) 56 *Úlfjótur*.

María Káradóttir, verkefnastjóri ákærusviðs, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, viðtal við höfund (Reykjavík, 22. maí 2020).

Ragnar Aðalsteinsson og Fanney Hrund Hilmarsdóttir, „Misbeita dómstólar heimild til gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna?“ (2012) 65 *Úlfjótur*.

Róbert R. Spanó „Stjórnarskráin og refsíabyrgð (fyrri hluti) – grunnreglan um lögbundnar refsíheimildir“ (2004) 54 *Tímarit lögfræðinga*.

Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Yfirlýsing frá Sindra: Ég kem fljótlega“ *frettabladid.is* (Reykjavík, 2. apríl 2018) <<https://www.frettabladid.is/frettir/yfirlsing-fra-sindra-eg-kem-fljotlega/>> skoðað 22. apríl 2020.